


**skoðun** 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Brúðkaupsgjafir




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag

# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR

9. júní 2010 — 133. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



## Alltaf séð hana sem konu

*Minnst níu Íslendingar hafa farið í kynleiðréttingaraðgerð*

**fólk** 30

## Óvænt útkoma

*Guðfinna Pétursdóttir dúxaði á fyrstu brautskráningu stúdenta frá MB.*

**tímamót** 18



## Jafnt gegn Dönum

*Ísland og Danmörk gerðu 33-33 jafntefli í Laugardalshöllinni í gær.*

**sport** 26 og 27

### veðrið í dag




**ÞYKKNAR UPP V-TIL** Í dag verða suðaustan 3-8 m/s. Víða bjartviðri í fyrstu en þykknar upp vestan til síðdegis með vætu aðra nótt. Hiti 10-18 stig, hlýjast austanlands.

VEÐUR 4



**RISAPARÍS** Grafarvogsstúlkurnar María Sól Antonsdóttir og Guðrún María Jónsdóttir höfðu krítað rúmlega þúsund kubba parís þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gærdag. Stelpurnar, sem báðar eru á tíunda aldursári, voru nýbyrjaðar í sumarfrí og hafa því nægan tíma til að leika sér í góða veðrinu. „Pabbi mældi parísinn og hann er um 450 metra langur," segir María Sól sem er síður en svo hætt að skreyta umhverfið sitt. „Við ætlum kannski að kríta bílastæðin fyrir framan hjá okkur og breyta þeim í hús," segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Milljarða samningur við Seðlabanka Kína

**Fyrsti gjaldeyrisskiptasamningur Seðlabankans frá hruni verður undirritaður í dag. Samninginn má túlka sem traustsyfirlýsingu, að mati viðskiptaráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankar Íslands og Kína kynna í dag gjaldeyrisskiptasamning sín á milli upp á nokkra tugi milljarða króna, samkvæmt heimildum blaðsins. Frá því var greint í gær að Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Hu Xiaolian, aðstoðarseðlabankastjóri Kína, myndu skrifa undir samning bankanna í utanríkisráðuneytinu laust eftir klukkan níu árdegis.

Markmið samningsins mun vera að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands, en samningar sem þessi ganga út á að erlendur banki lætur af hendi gjaldeyri gegn greiðslu í krónum. Seðlabanki Íslands hefur ekki gert gjaldeyrisskiptasamning við erlendan seðlabanka frá því fyrir hrun. Síðast var slíkur samningur gerður við seðlabanka Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar í maí 2008. Þeir samningar voru alls upp á 1,5 milljarða evra, eða 500 milljónir evra frá hverjum banka.

Haustið 2008 gerði Seðlabanki Bandaríkjanna svo viðlíka gjaldeyrisskiptasamninga við norrænu bankana en ekki þann íslenska, þó að eftir því væri leitað.

Kínverjar eru sagðir hafa verið jákvæðir í garð Íslendinga frá hruni og meðal annars stutt landið á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Með samningi við Seðlabanka Íslands nú vilji þeir sýna stuðning sinn í verki.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir að samningurinn bæti aðgengi Seðlabankans, og íslenska hagkerfisins í heild, að gjaldeyri, sem leitað hafi verið eftir að undanförnu. Samningurinn liðki jafnframt fyrir viðskiptum við Kínverja. Gylfi segir hægt að túlka samninginn sem traustsyfirlýsingu frá stórveldinu Kína. „Já, ég lít svo á að þetta endurspegli mat þeirra á stöðu mála hér. Það mat er augljóslega að þeir treysta sér í svona samningsgerð."

Samningarnir eru undirritaðir í tilefni af komu He Guoqiang, flokksritara í miðstjórn kínverska kommúnistaflokksins, hingað til lands. Hann mun funda með forseta Íslands, forsætis- og utanríkisráðherra.

Eins mun hann undirrita viljayfirlýsingu við Landsvirkjun um þátttöku í útboðum um virkjanir á Íslandi og samning við Enex Kína um áframhaldandi samstarf um hitaveitur í Kína. **- óká, shá**

Kröfur í þrotabú bankanna:

## Þúsundir mála kæfa dómstóla

**DÓMSTÓLAR** Um 50 þúsund kröfur hafa verið gerðar í þrotabú stóru bankanna þriggja og hefur þeim svo til öllum verið mótmælt. Ef ágreiningurinn verður ekki leystur með öðrum hætti kemur til kasta dómara að ákvarða um kröfurnar. Útilokað er með öllu að íslenska dómskerfið valdi álaginu, að mati formanna skilanefnda bankanna.

**-sh /** sjá síðu 4









## SPURNING DAGSINS



*Birgitta, eruð þið svona fundvís í Hreyfingunni?*

„Okkur virðist takast mætavel að mæta vel.“

Þingflokkur Hreyfingarinnar er manna duglegastur að mæta á fundi þingnefnda. Birgitta Jónsdóttir er þingmaður Hreyfingarinnar.

Héraðsdómur segir að taka beri aftur gjöf til félags Jóns Ásgeirs Jóhannessonar sem keypti 365 miðla:

# Dómi um greiðslu 160 milljóna áfrýjað

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur segir að 155 milljóna króna afsláttur sem félagið Rauðsól hafi fengið af 1.500 milljóna greiðslu vegna kaupa á 365 miðlum hafi í raun verið gjöf til Rauðsólar. Félaginu beri því að greiða 160 milljónir króna til þrotabús Íslenskrar afþreyingar hf. – sem áður hét 365 hf.

Hilmar Gunnarsson, lögmaður Rauðsólar (365 miðla), segir að dómnum verði áfrýjað. „Við teljum að fullnaðaruppgjör hafi farið fram en ekki hafi verið tekið tillit til greiðslna sem fóru frá félaginu til Íslenskrar afþreyingar,“ segir Hilmar. Rauðsól er félag sem stofnað var í október 2008 og var að fullu í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Félagið keypti í byrjun nóvember það ár alla hluti 365 hf. í félaginu 365 miðlar sem sett var saman utan um fjölmiðlahluta 365 samsteypunnar.

Auk þess sem Rauðsól yfirtók 4.400 milljóna króna skuldir með 365 miðlum átti Rauðsól að greiða 1.500 milljóna í peningum. Af þeim voru greiddar 1.340 milljónir króna. Rauðsól hefur í dag verið sameinuð 365 miðlum og nafni gamla móðurfélagsins var breytt úr 365 hf. í Íslensk afþreying sem síðar fór í þrot. Það var skiptastjóri þess þrotabús sem stefndi Rauðsól (365 miðlum) fyrir dóm til að fá samningnum um áðurnefndan afslátt rift.



**JÓN ÁSGEIR OG INGIBJÖRG** Ingibjörg er stjórnarformaður 365 miðla sem gefur út Fréttablaðið.

Fyrirsvarsmenn 365 miðla sögðu að afslátturinn hefði byggst á því að staða félagsins við söluna til Rauðsólar hefði verið verri en talið var. Því hafnar héraðsdómur. „Sömu lykilstjórnendur voru í báðum félögum og sátu þeir stjórnarfundi og undirrituðu samninga þá er deilt er um í máli þessu. Það var því hluti af starfsskyldum þeirra og ábyrgð að byggja samninga sína á fullnægjandi upplýsingum,“ segir í dómnum. **- gar**

Þjófóttir hermenn:

# Rændu úr flugvélarflaki

**LÖGREGLUMÁL Fjórir rússneskir hermenn hafa verið ákærðir fyrir þjófnað á greiðslukortum úr flaki pólsku flugvélarinnar sem hrapaði 10. apríl síðastliðinn þegar Lech Kaczynski forseti Póllands og 95 aðrir létust.**

**Hermennirnir notuðu að minnsta kosti eitt kortanna til að taka út jafngildi um 260 þúsund íslenskra króna. Hermennirnir voru á flugvelli rússnesku borgarinnar Smolensk, sem er stutt frá staðnum þar sem flugvélin hrapaði. Þeir hafa játað sök. - mþl**



**MARK RUTTE OG JAN PETER BALKANENDE** Rutte gæti tekið við af Balkanende. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið til þings í Hollandi:

# Hægri flokkum spáð sigri í dag

**HOLLAND, AP** Samkvæmt skoðanakönnunum hefur Mark Rutte og Þjóðarflokkur hans besta möguleika á sigri í þingkosningum, sem haldnar verða í Hollandi í dag. Flokkurinn aðhyllist markaðsfrelsi og hefur sýnt innflytjendum tortryggni.

Rutte hefur ekki útilokað að hinn umdeildi Geert Wilders, sem boðað hefur harða andúð á íslamstrú, fái sæti í nýrri ríkisstjórn.

Stjórn miðju- og vinstriflokka, undir stjórn Jans Peters Balkanende forsætisráðherra, féll í mars eftir að samstarfsflokkur hans, Verkamannaflokkurinn, neitaði að fallast á framhald á veru hollenskra hermanna í Afganistan. **- gb**

# Fangar rækta tré, matjurtir og rósir

**Fangar á Kvíabryggju eru búnir að setja niður um 200 kíló af kartöflum. Þeir munu planta 700 til 800 trjágræðlingum. Þeir rækta matjurtir og blóm og munu á næstunni girða landareign fangelsisins. Hænur og endur væntanlegar.**

**FANGELSISMÁL** Fangar á Kvíabryggju eru önnum kafnir við ræktunarstörf þessa dagana. Þeir hafa sett niður 200 kíló af kartöflum. Í dag eða á morgun verður hafist handa við að planta sjö til átta hundruð trjágræðlingum. Ræktun blóma er hafin og rósaræktun í bígerð. Þá er von á slatta af landnámshænum og öndum að Kvíabryggju. Eggin verða notuð við matseld.

Þetta segir Geirmundur Vilhjálmsson, forstöðumaður á Kvíabryggju, sem ekki hefur setið auðum höndum að undanförnu.

„Beitning í bala fyrir útgerðarmenn hefur dregist svo saman að við ákváðum að skapa okkur aðra möguleika til vinnu,“ útskýrir hann. „Við notum beitningaskúrinn fyrir hluta af forræktun græðlinga og blóma og ætlum svo að breyta fjárhúsinu á staðnum í gróðurhús. Við greiðum gjöld af þessum byggingum og reynum því að nýta húsnæðið sem við erum að borga af og helst að selja matjurtir og blóm upp í þau útgjöld.“

Geirmundur hefur ýmsar hugmyndir í þessum efnum. Á hátíðinni „Á góðri stund“ sem haldin er í Grundarfirði síðustu dagana í júlí ár hvert er hverfum bæjarins skipt niður í liti.

„Ég er með hugmyndir um að rækta blóm í litum hverfanna og fara með flutningabíl sem við eigum inn í Grundarfjörð, setja upp sölubás og selja þar blóm, blómkál, rauðkál, gulrætur og kryddjurtir í kringum þessa hátíð,“ segir hann og bætir við að uppskeran verði vonandi einnig nýtt í hinum fangelsunum í landinu. Og fleiri nýjungar eru á döfinni.



**GRÆN ATVINNUSTEFNA** Þeir sem dvelja á Kvíabryggju hafa fengið mikinn áhuga á ræktun í kjölfar þeirrar grænu atvinnustefnu sem forstöðumaðurinn er að móta. Á myndinni er sýnishorn af starfi fanganna.



**GEIRMUNDUR VILHJÁLMSSSON**

„Við létum plægja upp tvær stórar spildur fyrir okkar kartöfluræktun, sem við vonumst til að fá um 800 kíló upp úr í haust. Öspum hefur verið plantað meðfram annarri spildunni, sem er nokkurn spöl frá fangelsinu, til þess að hún líti út eins og eins konar skrúðgarður. Hugmyndin er að bjóða fólki í Grundarfirði að setja þar niður kartöflur. Þetta er hugsað til að tengja fangelsið betur við Grundarfjörð þannig að fólk fái jákvæða mynd af því sem fram fer hér. Á Kvíabryggju er bara venjulegt fólk.“

Loks stendur til að girða landareign Kvíabryggju af með 800 staurum sem sóttir hafa verið á Strandir og búið er að ydda. Skurðir utan nytjalands verða fylltir til að endurheimta fuglalíf. Moltugerð er hafin á staðnum og búið er að panta þrjátíu hænur og átta endur.

**jss@frettabladid.is**

Danir ferðast á söguslóðir:

# Í spor Karitasar

**FERÐIR** Þrjátíu danskir aðdáendur bókanna um Karitas, eftir Kristínu Marju Baldursdóttur rithöfund, eru væntanlegir til Íslands í þessum mánuði til að feta slóð Karitasar og hitta skapara hennar. Hópurinn ætlar til Sauðárkróks, Akureyrar, Siglufjarðar, Borgarfjarðar eystri, í Öræfin og á Eyrarbakka undir danskri fararstjórn.



**KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR**

Kristín Marja kveðst stolt af því að styrkja ferðaþjónustuna á Íslandi. „Það er alltaf gaman að binda saman bækur og landsskoðun og ánægjulegt að íslenskar nútímabókmenntir skuli draga fólk að.“

**- gun /** **sjá allt í miðju blaðsins**

Mótmæli í miðbæ Madrídar:

# Íhuga almennt verkfall á Spáni

**VINNUMARKAÐUR Hundruð opinberra starfsmanna mótmæltu í gær í miðbæ Madrídar. Ástæðan var boðaðar launalækkanir sem ná eiga til allra opinberra starfsmanna í landinu. Um er að ræða eina af aðgerðum ríkisstjórnar Jose Luis Rodriguez Zapatero og sósíalistaflokks hans með það að markmiði að draga úr fjárlagahalla spænska ríkisins.**

**Fjárlagahallinn var 11,2 prósent af landsframleiðslu í fyrra en stefnt er að því að lækka hann í áföngum niður í 3 prósent árið 2013. Verkalýðshreyfingin á Spáni óttast aðgerðir ríkisstjórnarinnar og íhugar að boða til almenns verkfalls ef þær reynast of harðar. - mþl**






Mikilvægt að spúla bíla vel strax að loknu öskufalli:

# Lakk rispast ef aska er þurrkuð af bílum

**BÍLAR** Rispur koma í bílalakk ef aska er þurrkuð af bílum með tusku eða kústi, segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. „Ef menn taka kúst og sópa af bílunum verða þeir mattir. Það verður að byrja á því að spúla vel af áður en bíllinn er þrifinn með svampi og sápulegi. Þannig draga menn úr hættu á því að búa til örfínar rispur í lakkið.“

Özur hefur ekki heyrt af miklum lakkskemmdum á bílum eftir öskufallið á höfuðborgarsvæðinu en segir ástæðu til þess að benda á hvernig best sé að þrífa bílana. „Askan er allt annars eðlis en ryk, hún rispar ef hún er þurrkuð af bílum og menn eiga alls ekki að spara vatnið þegar verið er að skola bílinn.“

Özur bendir á að best sé að þrífa bílana strax að loknu öskufalli því komist vatn í öskuna og sól skíni á yfirborðið geti hún brennt lakkið.



**ÞAKINN ÖSKU** Að ýmsu er að hyggja þegar aska er þrifin af bílum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Annað sem bílaeigendur eigi að forðast sé að skola ösku af rúðum með rúðupissi og þurrkum, það rispi þær. Eins eigi ekki að skrúfa niður hliðarrúðurnar.

Réttar aðferðir við öskuþrif skipta bílaeigendur máli, því fátt vegur þyngra í endursölu bíla en fallegt útlit, segir Özur. „Fólk skoðar frekar vel útlítandi bíla en þá sem eru illa farnir, þannig að þetta er góð leið til að passa upp á verðmætin.“ **- sbt**

### Svona á að þrífa

- Skola bílinn vel með vatni.
- Þrífa með sápuvatni og svampi.
- Þerra varlega til að fyrirbyggja að dropar með gosefnum festist við yfirborðið og brenni það í sólarljósi.

**Ekki**

- Sópa af bílnum.
- Skrifa stafi í rykið.
- Nota rúðupiss til að hreinsa bílrúður.

# VERÐUR ÞÚ HEIMSMEISTARI?

## Frábæri HM tippleikurinn á heimasíðu Keflavikurflugvallar www.kefairport.is

### GLÆSILEGIR VINNINGAR

**1.VINNINGUR**
10 daga ferð til Tyrklands. Flug, gisting fyrir tvo með fullu fæði frá Vita ferðum

**2. VINNINGUR**
42" LG Flatskjár frá Elko

**3. VINNINGUR**
Úlpa frá 66° Norður

**4. VINNINGUR**
Playstation 3 leikjatölva frá Elko

### AUKAVINNINGAR

/ 25 HM Landsliðstreyjur
/ 25 HM fótboltar
/ 5 Boðsmiðar fyrir tvo í Bláa Lónið
/ 10 Hrafnar frá Epal
/ 3 Gjafabréf upp á 7.000 kr. frá Bistro Atlantic á Keflavíkurflugvelli
/ 50 KEF fótboltatreyjur



**Vertu með í HM-leik Keflavíkurflugvallar og skoraðu til vinnings.
Þú gætir orðið heimsmeistari!**

**SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS Á WWW.KEFAIRPORT.IS**

ÍSLENSKA SIA.IS FLE 57748 06/10

## GENGIÐ 08.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 130,79 | 131,41 |
| Sterlingspund | 188,46 | 189,38 |
| Evra | 155,85 | 156,73 |
| Dönsk króna | 20,95 | 21,072 |
| Norsk króna | 19,494 | 19,608 |
| Sænsk króna | 16,138 | 16,232 |
| Japanskt jen | 1,429 | 1,4374 |
| SDR | 189,79 | 190,93 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,0161

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Önnur umræða um frumvarp forsætisráðherra um stjórnlagaþing á Alþingi:

# Kostnaður og fyrirkomulag gagnrýnt

**STJÓRNMÁL** Önnur umræða um frumvarp ríksistjórnarinnar um ráðgefandi stjórnlagaþing fór fram á Alþingi í gærkvöldi.

Samkvæmt frumvarpinu á stjórnlagaþing að leggja fyrir Alþingi tillögur að breytingum á stjórnarskrá Íslands. Þjóðinni er ætlað að kjósa 25 til 31 fulltrúa á stjórnlagaþing.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði við umræðurnar á þinginu í gærkvöldi að samkvæmt frumvarpinu myndi stjórnlagaþing á endanum verða fulltrúaþing – alveg eins og Alþingi væri fulltrúaþing. Löggjafarvaldið væri hjá Alþingi og það væri Alþingis að endurskoða ákvæði stjórnarskrárinnar.


JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Tillaga sjálfstæðismanna væri sú að „við kæmum okkar saman að kjósa hlutfallskosningu tíu manna nefnd sérfræðinga sem færi yfir þá þætti stjórnarskrárinnar sem við vildum taka til endurskoðunar," sagði Bjarni.

Vigdís Hauksdóttir úr Framsóknarflokki gagnrýndi ríkisstjórnina fyrir að efna til minnst 500 milljóna króna útgjalda til að fjármagna ellefu mánaða stjórnlagaþing á sama tíma og heimilin í landinu berðust í bökkum. Ákvæði í frumvarpinu um kynjajöfnun fulltrúa á stjórnlagaþinginu bæri vott um ofríki. „Lýðræði af þessu tagi er handstýrt af stjórnvöldum og er ekki það sem fólk vill eftir hrunið," sagði Vigdís.

Umræðum um málið var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. - gar

Sóttvarnalæknir:

# Sýnataka vegna hestapestar

**HEILBRIGÐISMÁL Sóttvarnalæknir hefur skrifað læknum bréf þar sem mælst er til þess að sýni séu tekin úr fólki sem er með einkenni streptókokkasýkingar og hefur verið í beinum tengslum við hross sem veikst hafa af hrossapestinni.**

**Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir enga tilkynningu hafa borist til landlæknisembættisins þess efnis að hrossapestin hafi smitast í menn. „Þetta getur gerst en er áreiðanlega ekki algengt," segir hann.** - jss

# Þúsundir ágreiningsmála á leið fyrir dóm næstu misseri

**Nær öllum kröfum í bú gömlu bankanna er mótmælt og stór hluti gæti endað fyrir dómi. Kröfuhafar eru réttháir á Íslandi og geta farið með ákvörðun um annarra kröfur fyrir dóm. Sumir hafa hag af því að tefja.**

**DÓMSMÁL** Mörg þúsund ágreiningsmál um kröfur í þrotabú föllnu bankanna gætu verið á leið fyrir dóm á næstu misserum. Formenn skilanefnda bankanna eru sammála um að útilokað sé með öllu að íslenska dómskerfið valdi álaginu. Til samanburðar voru í fyrra höfðuð samtals 124 ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta á landinu öllu.

Alls eru um 50 þúsund kröfur gerðar í þrotabú stóru bankanna þriggja: um 29.000 í bú Kaupþings, ríflega 12.000 í bú Landsbankans og um 8.700 í bú Glitnis. Á kröfuhafafundum hefur svo til öllum kröfum verið mótmælt og sumir kröfuhafar hafa jafnvel tilkynnt mótmæli við allar framtíðarákvarðanir. Ef ágreiningurinn verður ekki leystur með öðrum hætti kemur að endingu til kasta dómara að ákvarða um kröfurnar.

Formenn skilanefnda bankanna eru misbjartsýnir á það hvernig til muni takast að jafna slíkan ágreining. Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar Kaupþings, telur líklegt að nær allar kröfur í bú bankans, 29 þúsund talsins, muni að óbreyttu enda fyrir dómstólum. Líklega muni einhverjir kröfuhafanna höfða málin í sameiningu, en þó stefni í að ágreiningsmálin vegna Kaupþings eins muni skipta þúsundum.

„Þetta stefnir í mikið kraðak," segir Lárentsínus Kristjánsson, formaður skilanefndar Landsbankans. Hann vonast til þess að stór hluti kröfuhafa muni hætta við dómsmál þegar niðurstöður liggja fyrir í sambærilegum málum. „Ég trúi því ekki að menn fari að reka dómsmál út af hverri einustu kröfu í búið, en maður veit svo sem aldrei," segir hann.

Þar að auki segir Lárentsínus að ýmsir kröfuhafar hafi hag af því að skiptin dragist á langinn, til dæmis þeir sem hafa keypt ódýrar almennar kröfur í von um að eignir hækki í verði og dugi fyrir meiru en forgangskröfum. Þeir kröfuhafar kynnu að vilja tefja skiptin með stanslausum málaferlum.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, segir að þar á bæ vinni menn hörðum höndum að því að koma í veg fyrir óþörf dómsmál og tilheyrandi tafir. Til skoðunar sé meðal annars að fá erlenda sérfræðinga sem allir geti sæst á til að ákvarða um fjárhæðir.

Þótt Árni sé ekki úrkula vonar um að hægt verði að leysa stóran hluta málanna með þeim hætti segir hann það þó að endingu ákvörðun kröfuhafanna sjálfra hvort mál sé höfðað. Þar skipti miklu máli hve ríkur réttur kröfuhafa sé á Íslandi. Ólíkt mörgum öðrum löndum geti kröfuhafar á Íslandi til dæmis farið með ákvörðun um annarra manna kröfur í búið fyrir dóm. Það geti tafið ferlið mjög.

stigur@frettabladid.is

### Verið að meta fjárþörfina

Ráðuneytisstjórum forsætis-, fjármála- og dómsmálaráðuneytisins hefur í sameiningu verið falið að meta fjárþörf dómstólanna vegna hins aukna álags, að sögn Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra. „Það verður að bregðast við. Dómskerfið verður auðvitað að ráða við þennan fjölda. Það er engin spurning," segir Ragna.

Héraðsdómurum hefur þegar verið fjölgað um fimm í samræmi við óskir Dómstólaráðs. Nýverið sendu Hæstiréttur og Dómstólaráð ný erindi til stjórnvalda eftir hafa endurmetið stöðuna. Hæstiréttur telur þrjá nýja dómara þurfa við réttinn og Dómstólaráð segir að dómararnir fimm sem bætt hefur verið við muni hvergi nærri duga til að mæta því byltingarkennda álagi sem verður á Héraðsdómi Reykjavíkur á komandi árum.

Ragna segir næsta skref að funda með fulltrúum dómstólanna til að meta fjárþörfina betur. Síðan þurfi að koma til lagabreytingar og heimildir frá fjárveitingarvaldinu svo ekki megi vænta aukinna fjárframlaga til dómstóla fyrr en í haust. Hún bendir einnig á að nýtt millidómstig gæti létt álagi af Hæstarétti og að málafjöldinn einn segi ekki alla söguna, enda séu málin afar misjöfn að eðli og umfangi.


FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

**UMSETINN RÉTTUR** Mikið mun mæða á Héraðsdómi Reykjavíkur næstu árin. Öll ágreiningsmál vegna krafna í þrotabú gömlu bankanna verða tekin fyrir þar.

Fyrirtæki endurreist:

# Möl og sandur tekur til starfa

**IÐNAÐUR** Steypufyrirtækið Möl og sandur verður endurvakið á Akureyri og mun starfsemi fyrirtækisins hefjast formlega um næstu mánaðamót, að því er fréttamiðillinn Vikudagur greinir frá.

Möl og sandur var tekið inn í starfsemi BM Vallár árið 2003, en mun núna starfa undir gamla nafninu á ný eftir gjaldþrot BM Vallár.

Ekki er búist við að þeir sautján sem misstu vinnuna við gjaldþrot BM Vallár verði ráðnir til starfa. Reiknað er með að starfsmenn fyrirtæksins verði um fimm til sex til þess að byrja með. - shá

Íslensku menntaverðlaunin:

# Lækjarskóli verðlaunaður fyrir gott starf

**MENNTAMÁL Lækjarskóli í Hafnarfirði fékk Íslensku menntaverðlaunin, í flokki skóla sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi, sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti við hátíðlega athöfn í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi í gær.**

**Ragnheiður Hermannsdóttir í Háteigsskóla hlaut verðlaun í flokki kennara sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt skarað fram úr, og í flokki ungra kennara sem í upphafi kennsluferils hafa sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt hlaut Linda Heiðarsdóttir kennari við Laugarlækjarskóla verðlaun.**

**Þá hlaut Iðunn Steinsdóttir rithöfundur verðlaun í flokki höfunda námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi.**




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**VÍÐA VÆTA Á MORGUN** Það eru vænlegar horfur á rigningu sunnanlands á morgun og reyndar einnig öðrum landshlutum, en á föstudag léttir til og má víða búast við sumarblíðu en líklega þykknar upp á ný vestan til um kvöldið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 31° |
| Berlín | 29° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 20° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 17° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 16° |
| París | 18° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




## 50% afsláttur fyrir börnin í allar brottfarir í júní og júlí!

Öll börn undir 12 ára aldri fá 50% afslátt af öllu flugi til áfangastaða Úrvals Útsýnar í júní og júlí.
Vertu í viðbragðsstöðu því þú getur aðeins bókað þetta frábæra tilboð í 24 KLST frá hádegi miðvikudagsins 9. júní!

**4 jafnar vaxtalausar greiðslur**

Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalausar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is. Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgefið verð.

**Verðdæmi:**



### Apartment Oceanus

★★★

PORTÚGAL - ALBUFEIRA

Verð frá:
**75.900 kr.***
á mann í viku m.v. 2 með 2 börn.
**VIKUFERÐ 24. júní**

Gott 3 stjörnu íbúðarhótel í ferðamannabænum Olhos D'Agua um 5 km frá miðbæ Albufeira. Hótel er allt nýuppgert með fallegum íbúðum og fyrirtaks aðstöðu. Aðeins 500m eru niður á ströndina og strætó stoppar 50 metra frá hótelinu. Veitingastaðir, barir og verslanir eru í göngufæri.

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

ÚRVAL·ÚTSÝN

**KJÖRKASSINN**



*Borðaðir þú grillmat um nýliðna helgi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 58% |
| NEI | 42% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að frysta öll laun ríkisstarfsmanna til ársins 2013?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Egyptar segja lokun landamæra Gasa hafa verið mistök:

# Landamæri Gasa opin áfram

**EGYPTALAND, AP** Egypskur embættismaður fullyrti í gær að landamæri Egyptalands að Gasaströnd verði opin áfram um óákveðinn tíma, en þau voru opnuð eftir að Ísraelar réðust í síðustu viku á skipalest frá Tyrklandi sem átti að rjúfa einangrun Gasa.

Embættismaðurinn segir lokun landamæranna hafa verið mistök.

Þá segja Bernard Kouchner og William Hague, utanríkisráðherrar Frakklands og Bretlands, Evrópusambandið bæði geta og vilja veita aðstoð sína til að skip með hjálpargögn komist til Gasastrandar.

Evrópusambandið gæti haft strangt eftirlit með því hvaða vörur og gögn eru sett um borð í skipin, þannig að Ísraelar þurfi ekki að stöðva þau af ótta við að innan um leynist vopn eða annað sem Ísrael stæði ógn af.

Þá segir Joe Biden, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Bandaríkjastjórn nú leita nýrra leiða, í samvinnu við Egyptaland og fleiri, við að takast á við deiluna um einangrun Gasasvæðisins.

**- gb**



**VEIÐIMENN Á GASASTRÖND** Palestínsk ungmenni útbúa net til fiskveiða. NORDICPHOTOS/AFP

Játaði í kynferðisbrotamáli:

# Braut gegn 13 ára stúlkum

**DÓMSMÁL Ungur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í tólf mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot. Refsingin var skilorðsbundin til tveggja ára.**

**Maðurinn var ákærður fyrir að hafa haft samfarir við tvær þrettán ára stúlkur þegar hann var sautján ára.**

**Þá er hann einnig ákærður fyrir að hafa sent annarri stúlkunni hótun með sms-skilaboðum. Hann játaði sök í málinu.**

**- jss**


Lexus notaðir bílar



RX400h
EXE
3,3 Lítra
V6 bensín/rafmagn
Sjálfskiptur
Nýskr.: 04.06
Ek.: 45.000. km.
5.970.000. kr.



GS 430
Luxury
4,3 bensín
Sjálfskiptur
Nýskr.: 04.05
Ek.: 70.000. km.
5.390.000. kr.



IS 250
2,5 bensín
Sjálfskiptur
Nýskr.: 01.07
Ek.: 35.000. km.
4.790.000. kr.



IS 200
w/g
2,0 bensín
6 gíra
Nýskr.: 09.04
Ek.: 61.000. km.
2.090.000. kr.



RX 350
EXE
3,5 bensín
Sjálfskiptur
Nýskr.: 04.06
Ek.: 54.000. km.
5.320.000. kr.



RX300
EXE
3,0 bensín
Sjálfskiptur
Nýskr.: 02.04
Ek.: 92.000. km.
2.990.000. kr.

LEXUS

Nýbýlavegi 2 | sími 570 5400 | www.lexus.is
Afgreiðslutími: mán. - föst. kl. 9 - 18.
lexus@lexus.is


# Stéttarfélög leggjast gegn launafrystingu

**Aðilum vinnumarkaðarins líst illa á hugmyndir félagsmálaráðherra um að frysta laun opinberra starfsmanna næstu þrjú ár. Forsvarsmenn þeirra leggja til markvissari forgangsröðun og hagræðingu í opinberum rekstri.**

**EFNAHAGSMÁL** Forsvarsmenn Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna og BSRB leggjast allir gegn hugmyndum Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra um að frysta laun opinberra starfsmanna næstu þrjú ár. Í grein í Fréttablaðinu í gær reifaði Árni Páll þá hugmynd að gerð yrði þjóðarsátt um að frysta laun og lífeyrisgreiðslur hins opinbera, þangað til fjárlagagatinu hefði verið lokað.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að með frystingu launa sé verið að sópa vandamálunum undir teppið. „Kaupmáttarskerðingin sem af þessu myndi hljótast myndi leiða af sér mikinn samdrátt. Það myndi lenda verst á þeim sem eru í mestum vanda og koma niður á tekjuöflun ríkisins.“ Gylfi segir hið opinbera verða að forgangsraða hvaða verkefnum það geti sinnt. „Við hjá verkalýðshreyfingunni erum til viðræðu um hvaða leiðir á að fara í því. En launafrysting er bara skammtímaaðgerð sem tekur ekki á rótum vandans.“

Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, bendir á að félagið hafi verið með lausa samninga síðan um mitt ár 2008. „Okkar félagsmenn hafa því búið við ákveðna launafrystingu og skerðingu síðan þá. Að leggja það til áfram til ársins 2013 er af og frá,“ segir hún og kallar hugmyndir félagsmálaráðherra árás á háskólamenntað fólk. Hún leggur til að ríkið marki sér skýra stefnu um opinbera þjónustu og ákveði niðurskurð með hliðsjón af því. „Við erum reiðubúin að taka þátt í slíkri umræðu en frekari frystingar á launum koma ekki til greina af okkar hálfu.“

Árni Stefán Jónsson, varaformaður BSRB, tekur í sama streng. „Að frysta laun er ein alvitlausasta aðgerð sem hægt er að fara í. Það þarf að halda við kaupmætti og auka við hann til að koma hjólum efnahagskerfisins af stað en ekki draga úr kaupmætti.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, spyr sig hvort framsetning Árna Páls á þessum hugmyndum sé heppileg. „Það er betra að tala sig inn á niðurstöðu en að smella þessu fram með þessum hætti, það er að segja ef það er meining að baki þessu hjá ráðherranum.“ Vilhjálmur bendir jafnframt á að Árni Páll sé að tjá sig um mál sem eru ekki á hans borði, heldur Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra.

Steingrímur sagði eftir ríkisstjórnarfund í gær að málið hefði ekki verið rætt á fundinum og hugmyndirnar ótímabærar með tilliti til þess að unnið væri að fjárlagagerð fyrir árið 2011.

**- bs, shá**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**LAUNAFÓLK** Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, segir hugmyndir félagsmálaráðherra um frystingu launa ganga út á að sópa vandanum undir teppi.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar lítur ekki svo á að verkum sínum hafi verið hafnað:

# Lúðvík Geirsson telur sig njóta stuðnings hjá bæjarbúum

**STJÓRNMÁL** Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segist ekki líta svo á að verkum hans sem bæjarstjóri hafi verið hafnað í sveitarstjórnarkosningunum.

„Samfylkingin fékk ekki umboð til að halda sínum meirihluta en ég get ekki litið svo á að það hafi komið fram höfnun á þeim verkum og því hlutverki sem ég hef gegnt hér sem bæjarstjóri,“ sagði Lúðvík spurður um það hvort hann teldi sér hafa verið hafnað í kosningunum. Lúðvík var í sjötta sæti á lista Samfylkingarinnar, hinu svokallaða baráttusæti, og komst ekki inn í bæjarstjórn. Eins og kunnugt er tapaði Samfylkingin hreinum meirihluta sínum og fékk fimm menn kjörna.

Í frétt sem vefmiðilinn. Pressan birti þann 29. apríl síðastliðinn er haft eftir Lúðvíki: „Það er ljóst að kosningarnar í Hafnarfirði munu snúast um hvort bæjarstjórinn verði kjörinn eða ekki. Þær snúast um mig. Ég fór í baráttusætið til að verja stöðu Samfylkingarinnar.“ Spurður út í þessi ummæli vísaði Lúðvík til þess stuðnings sem hann mældist með samkvæmt skoðanakönnun sem gerð var meðal Hafnfirðinga í aðdraganda kosninganna. Í skoðanakönnuninni sögðust 67 prósent svarenda vilja Lúðvík áfram sem bæjarstjóra.

Lúðvík sagðist vera fyllilega bjartsýnn á komandi kjörtímabil og samstarfið við Vinstri græna og bætti því við að engin sérstök átakamál hefðu komið upp í viðræðum flokkanna.

**- mþl**



**LÚÐVÍK GEIRSSON**

SUZUKI Way of Life!

# SUZUKI

## Skynsemi, sparneytni - ánægja!



**Kizashi er algjörlega nýr fjórhjóladrfifinn fólksbíll í millistærðarflokki frá Suzuki.**
**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra akstursеiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!**
2,4L vél. Verð 6.540 þús.
Meðaleyðsla 8,3L/100km




**Söluhæsti jeppinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI GRAND VITARA**
Verð frá kr. 4.520 þús. , bensin/beinskiptur
Meðaleyðsla 7,0L/100km, diesel,
8,8L/100 km, bensin



**Söluhæsti fólksbílinn á Íslandi árið 2009**
**SUZUKI SWIFT**
**Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4**
1,3L eða 1,5L vélar. Verð frá 2.690 þús.
Meðaleyðsla frá 6,2L/100km



Nýr SX4 Sportjepplingur. Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.
Með 1,6L vél. Verð kr. 3.740 þús.
Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur




**Upplifðu einstaka akstursеiginleika Jimny.**
**Handskiptur, sjálfskiptur**
Verð frá kr. 2.990 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.




**Sparaðu með visthæfum Suzuki Splash**
Verð kr. 2.490 þús.
Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskiptur.




**Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!**
Hagstætt verð, ódýr í rekstri. Verð kr. 2.190 þús.
beinskiptur. Meðaleyðsla 4,4L/100km.

## Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

**SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

Hugtök Markaðsráðgjöf, Maí 2010

## VEISTU SVARIÐ?



1 Vilhjálmur Þór Davíðsson er nýkrýndur Hr. Hinsegin. Hvaðan er hann?

2 Hvað hefur KR sigrað í mörgum leikjum í Pepsi-deild karla?

3 Þingmenn hvaða stjórnmálaflokks mæta best á nefndarfundi?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Eistar taka upp evru um næstu áramót þrátt fyrir áhyggjur af stöðu evrunnar:

# Ganga ekki á bak orða sinna

**EISTLAND** Ákveðið hefur verið að Eistland taki upp evruna í byrjun næsta árs, þrátt fyrir vaxandi áhyggjur af framtíð evrunnar. Fjármálaráðherrar Evrópusambandsins samþykkktu þetta á fundi sínum í Brussel.

„Auðvitað höfum við áhyggjur,“ segir Kalev Vapper, talsmaður eistnesku stjórnarinnar, þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. „En við gáfum loforð okkar um að ganga í evrubandalagið, og getum ekki gengið á bak þeirra orða núna. Heiðarlegt fólk stendur við orð sín.“



TOOMAS HENDRIK ILVES

Vapper segir Eista eigi að síður sannfærða um að evran ráði við erfiðleikana sem nú steðja að, sem meðal annars eru vegna ástandsins í Grikklandi.

Eistland fékk aðild að Evrópusambandinu árið 2004, en hefur verið með mynt sína tengda evrunni allar götur síðan 1999. Aðildinni fylgir að evran verður mynt landsins um leið og öllum skilyrðum evrusvæðisins um ríkisskuldir, fjárlagahalla, verðbólgu og fleira er fullnægt.

Upphaflega gerði Eistland sér vonir um að taka upp evruna árið 2007, en það hefur dregist vegna hárrar verðbólgu í Eistlandi. Samdráttur í Eistlandi í kjölfar heimskreppunnar 2008 varð hins vegar til þess að mjög dró úr verðbólgu í landinu, svo hún er nú komin vel niður fyrir viðmiðunarmörk evrusvæðisins. - gb

Nýjar tölur um skilnaðarbörn:

# Flest í sameiginlegri forsjá

**SAMFÉLAGSMÁL** Rúmlega fjögur af hverjum fimm börnum lutu sameiginlegri forsjá foreldra sinna á síðasta ári. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Hagstofunni.

Árið 2009 var forsjá barna eftir skilnað þannig fyrir komið að 487 börn nutu sameiginlegrar forsjár foreldra sinna, 74 börn nutu einungis forsjár móður en níu börn einungis forsjár föður.

Frá árinu 2002 hefur sameiginleg forsjá verið algengust hér á landi eftir skilnað foreldra en það varð fyrst mögulegt árið 1992. - mþl




# Almenningur ber allan herkostnaðinn

**Forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin hafi náð að vega upp hrun efnahagskerfisins. Fjöldi heimila í vanda sé svipaður og fyrir hrun. Allur herkostnaður vegna útrásar og hrunsins lendir á almenningi, segir Eygló Harðardóttir.**

**ALÞINGI** Ríkisstjórnin er að tryggja að allur herkostnaður við útrásina og efnahagshrunið lendi á íslenskum almenningi, sagði Eygló Harðardóttir, Framsóknarflokki, í umræðum um skuldavanda heimilanna á Alþingi í gær: „Þetta er ríkisstjórn alþjóðlegs auðmagns, ekki norrænnar velferðar.“

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, var annarrar skoðunar og sagði aðgerðir ríkisstjórnarinnar vega upp hrun heils efnahagskerfis. Ágætur árangur hafi náðst á alla mælikvarða, þótt betur megi ef duga skuli. Í janúar 2008 hefðu 20 prósent íslenskra heimila átt í vanda, nú sé hlutfallið 23 prósent. Í stað þess að hrunið hefði fjölgað fjölskyldum í fjárhagserfiðleikum um 9.000 sé fjölgunin lítil sem engin. „Frá hruninu hefur verið gripið til fimmtíu mismunandi úrræða,“ sagði Jóhanna og að ríkið hefði varið tugum milljarða í þágu skuldugra heimila.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar, sagði að í tölum Jóhönnu væri ekki horft til kostnaðar heimilanna við tryggingar, fasteignagjöld, námslán, síma, skólagöngu barna og margt fleira. Um helmingur fjölskyldna sé í vanda. Þörf fyrir almenna skuldaleiðréttingu blasi við og svigrúm sé til slíkra aðgerða.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Samfylkingu, sagði að almennar leiðréttingar væru freistandi en myndu kosta Íbúðalánasjóð, Lánasjóð íslenskra námsmanna og tvo stærstu lífeyrissjóði landsins 150 milljarða króna. Það væri of mikið og hefði þýtt hærri skatta, minni samfélagsþjónustu og lægri lífeyri fyrir íslensk heimili. Vanskil séu nú ekki meiri en voru á árinu 2004.



**SEGIR ÁRANGUR HAFA NÁÐST** „Hér var ekki forsætisráðherra að vekja von í brjóstum þeirra þúsunda Íslendinga sem eiga í miklum skuldavanda,“ sagði Unnur Brá Konráðsdóttir, Sjálfstæðisflokki, að lokinni ræðu forsætisráðherra á Alþingi í gær. Unnur Brá sagðist sakna framtíðarsýnar frá forsætisráðherra um hvernig heimilin eigi að byggja sig upp eftir hrunið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði þá framtíð blasa við mörgu ungu fólki að tekjur dygðu rétt til að greiða afborganir af íbúðaláni sem er hærra en verðmæti fasteignarinnar. Nú þyrfti að hætta að rífast um hver ætti bestu hugmyndina og grípa til aðgerða.

„Tregða til að taka á skuldavandanum dýpkar fjármálakreppuna,“ sagði Lilja Mósesdóttir, VG. Stór hluti heimila sjái ekki aðra leið en gjaldþrot. Jóhanna Sigurðardóttir gerði athugasemdir við þau orð Lilju að boðaðar aðgerðir um sértæka skuldaaðlögun, umboðsmann skuldara og bílalán hefðu lítið að segja. Jóhanna sagði ótrúlegt að heyra stjórnarþingmann tala með þeim hætti.

peturg@frettabladid.is




Ný rannsókn um hegðun skíðishvala:

# Hnúfubakar mynda vinatengsl

**DÝRALÍF** Hnúfubakskýr hittast árlega í St. Lawrence flóa undan Kanada til að synda um og leita að fæðu saman. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem birt var í Journal of Behavioral Ecology and Sociobiology. Lengi hefur verið vitað að tannhvalir svo sem búrhvalir hafa samband sín í milli en hingað til hefur verið talið að skíðishvalir, sem eru stærri, væru ekki eins félagslyndir.

Hnúfubakarnir verja stærstum hluta ársins í að ferðast um í leit að maka en þegar sumarið hefst hafa kýrnar einhvern veginn hver uppi á annarri og verja síðan árstíðinni saman í leit að fæðu. Lengsta vináttusambandið sem rannsóknarteymið varð vitni að varði í sex ár en vinatengslin voru alltaf á milli hnúfubakskúa á svipuðum aldri.

Dr. Christian Ramp leiðir rannsóknarteymið en í samtali við BBC sagði hann að niðurstöðurnar hefðu komið sér verulega á óvart. Hann telur líklegt að kýrnar myndi þessi tengsl til að auka skilvirkni fæðuöflunar en rannsóknin bendir til þess að þær kýr sem mynda flest og lengst tengsl eignist flesta kálfa. - mþl



**FÉLAGSVERUR** Ekki er vitað hvernig hnúfubakarnir finna hver annan.


LEIÐTOGAR ÓSKAST
Umsóknarfrestur til 15. júní
Háskólinn á Bifröst er skóli fyrir þá sem vilja þróa með sér sköpunargleði, frumkvæði og samskiptahæfni.
Markmið okkar er að veita nemendum menntun til að takast á við krefjandi verkefni í samfélagi og atvinnulífi að námi loknu.
Nám á Bifröst byggir á nútímalegum kennsluaðferðum. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og skarpan skilning á samfélaginu. Skólinn veitir þjálfun sem nýst getur leiðtogum og forystufólki framtíðarinnar. Kynntu þér námsskrá okkar og kennsluaðstöðu ef þú vilt láta að þér kveða.
Háskólinn á Bifröst býður upp á nám í viðskiptadeild, lagadeild og félagsvísindadeild. Námið er lánshæft hjá LÍN.
Nánari upplýsingar á www.bifrost.is
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY













Breska frystivörukeðjan Iceland Foods skilar methagnaði í kreppunni:

# Gætu átt von á milljörðum

**VIÐSKIPTI** Rekstrarhagnaður bresku matvöruverslunarinnar Iceland Foods nam 135,4 milljónum punda, jafnvirði 25,6 milljarða króna, í fyrra. Þetta er nítján prósenta aukning milli ára og hefur hagnaðurinn aldrei verið meiri.

Iceland Foods selur ódýra frysta matvöru og hún hefur átt upp á pallborðið hjá Bretum í kreppunni.

Baugur átti stóran hluta Iceland Foods ásamt íslenskum fjárfestum, svo sem Fons, félagi Pálma Haraldssonar. Skilanefnd Landsbankans á nú fjörutíu prósent og viðbúið að hún eignist 29 prósent fljótlega. Skilanefnd Glitnis á tíu prósenta hlut. Malcolm Walker, stofnandi og forstjóri fyrirtækisins, og stjórnendur eiga afganginn.



**KAMPAKÁTUR FORSTJÓRI** Stofnandi og forstjóri bresku verslunarinnar Iceland Foods er ánægður með afkomuna.

Iceland Foods skilaði fyrri eigendum gríðarlegum arði. Árið 2007 fengu þeir 39 milljarða króna, það var stærsta arðgreiðsla Íslandssögunnar.

Arður var ekki greiddur vegna afkomunnar í fyrra en allar áhvílandi skuldir voru greiddar upp. Walker sagði í samtali við breska fjölmiðla í gær vonast til að arður yrði greiddur fljótlega. Í samtali við netmiðilinn This is Money í gær taldi hann verslunina verðmætustu eign Íslendinga. - jab

# AGS bannar ríkinu að taka lán í vegagerð

**Stofnun opinbers hlutafélags sem tekur lán frá lífeyrissjóðum og innheimtir síðan vegtolla er eina leiðin til að ráðast í vegaframkvæmdir á næstu árum. Rætt um „tollmúra umhverfis höfuðborgarsvæðið“ á Alþingi í fyrrakvöld.**

**SAMGÖNGUR** Vegatollar verða innheimtir til að kosta tvöföldun Suðurlandsvegar, Vesturlandsvegar og Reykjanesbrautar á næstu fjórum árum verði frumvarp sem samgönguráðherra mælti fyrir á Alþingi í fyrrakvöld að lögum.

Lífeyrissjóðirnir munu lána fyrir framkvæmdum sem nema um sex til sjö milljörðum króna á ári næstu fjögur ár. Stofnað verður opinbert hlutafélag til að halda utan um framkvæmdirnar, sem á að ljúka 2014.

Þessi aðferð er nauðsynleg þar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) fellst ekki á að lán vegna skuldbindinga við þessar framkvæmdir verði færðar í bækur ríkissjóðs, sagði Ásbjörn Óttarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, við umræðurnar.



**KRISTJÁN L. MÖLLER**

Fyrsta umræða um málið fór fram á ellefta tímanum á mánudagskvöld. Í framsögu Kristjáns L. Möller samgönguráðherra kom fram að í ár væri búið að ákveða vegaframkvæmdir fyrir 11,5 milljarða króna en aðeins fyrir 1,5 milljarða á næsta ári og 500 milljónir árið 2012. Með stofnun opinbers hlutafélags, sem tæki til starfa í október í haust, mætti auka framkvæmdir og örva atvinnulífið.

Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokks og einn frá Samfylkingu ræddu málið við ráðherrann. Einar K. Guðfinnsson, Sjálfstæðisflokki, taldi að það hefðu einhvern tímann þótt mikil pólitísk tíðindi að ríkisstjórn með aðild VG, legði fyrir Alþingi frumvarp um að innheimta veggjöld af almenningi.



**SUÐURLANDSVEGUR** Ríkið mun leggja fram 20 milljónir í hlutafélag sem á að stofna 1. október og síðan á að ráðast í framkvæmdir fyrir 6-7 milljarða á ári næstu ár með lánsfé frá lífeyrissjóðunum. Önnur leið er ekki fær vegna skilyrða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, segir þingmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Anna Margrét Guðjónsdóttir, Samfylkingu, og Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki, gerðu athugasemdir við að reisa ætti „tollmúra umhverfis höfuðborgina en láta aðra landshluta njóta góðs af því að framkvæmdir þar eru kostaðar af ríkissjóði,“ eins og Anna Margrét komst að orði. Ragnheiður Elín nefndi að kanna ætti möguleika á að innheimta jafnframt veggjöld í Héðinsfjarðargöngum og Bolungarvíkurgöngum. Framkvæmdum þar er að ljúka á kostnað ríkissjóðs og án ráðgerðra veggjalda. „Í mínum huga er það grundvallaratriði að gæta jafnræðis í þessum efnum,“ sagði Anna Margrét, sem þó lýsti stuðningi við frumvarp flokksbróður síns, samgönguráðherrans: „Aðstæður eru nú með með þeim hætti að við þurfum að styðjast við bjargráð sem eru ekki endilega efst á óskalistanum.“ peturg@frettabladid.is

Evrópusambandið samþykkir gagnkvæmt eftirlit með fjárlögum evruríkjanna:

# Drög fjárlaga kynnt fyrirfram

**BRUSSEL** Fjármálaráðherrar Evrópusambandsins hafa komið sér saman um nýtt fyrirkomulag, sem á að tryggja að fjárlög einstakra ríkja á evrusvæðinu ógni ekki fjármálastöðugleika alls evrusvæðisins.

Eitt helsta nýmælið er að hvert ríki þarf á hverju vori að kynna megindrög fjárlaga næsta árs fyrir bæði framkvæmdastjórn sambandsins og ráði aðildarríkjanna, sem fá þá öll tækifæri til að gagnrýna fjárlög hvers annars áður en endanleg útgáfa þeirra er samþykkt heima fyrir í hverju ríki að hausti.

„Ríkisstjórn sem kynnir fjárlagaáætlun með miklum halla þarf þá að réttlæta það gagnvart samherjum sínum, í hópi fjármálaráðherranna,“ segir Herman van Rompuy, forseti ráðsins, í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér að loknum fundi fjármálaráðherranna á mánudagskvöld.

Ráðherrarnir samþykktu einnig að tekið verði fyrr í taumana þegar fjármál einstakra ríkja stefna í óefni, en ekki látið duga, eins og hingað til hefur tíðkast, að grípa til aðgerða þegar viðmiðunarmörkin hafa þegar verið rofin.

Áður en nýja fyrirkomulagið tekur gildi þarf leiðtogaráð sambandsins að veita samþykki sitt. Næsti fundur leiðtogaráðsins verður haldinn 17. júní. - gb



**ÁKVÖRÐUN KYNNT** Olli Rehn, framkvæmdastjóri efnahags- og peningamála, ásamt Elenu Salgado, fjármálaráðherra Spánar, og Michel Barnier, framkvæmdastjóra innri markaðs og þjónustu. NORDICPHOTOS/AFP




# Öll öryggismálin á einum stað!

**www.safetravel.is**

Verkefnið Safetravel er samstarfsverkefni fjölda innlendra aðila með það að markmiði að auðvelda ferðafólki aðgang að upplýsingum sem fækkað geta slysum á ferðalögum innanlands. Með stofnun vefsvæðisins safetravel.is gefst ferðafólki um Ísland nú tækifæri á því að nálgast á einum stað allar helstu upplýsingar og ráðgjöf varðandi öryggi á ferðalögum. Vefsvæðið er bæði ætlað íslenskum sem erlendum ferðamönnum. Auk þess munu björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar verða með vakt í sumar á hálendi Íslands og geta þannig aðstoðað þá sem lenda í óhöppum með enn skjótari hætti en hingað til.

Við erum stoltir samstarfsaðilar Slysavarnafélagsins Landsbjargar í Safetravel verkefninu:

112 EINN EINN TVEIR · Ferðafélag Íslands · SAF · Veðurstofa Íslands · Síminn · Umhverfisstofnun · Útivist · Vatnajökulsþjóðgarður · Bylgjan 989 · Umferðarstofa · Vegagerðin · Iðnaðarráðuneytið · N1 · Ferðaklúbburinn 4x4 · Íslandsspil -traustur bakhjarl · Sjóvá

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG



**PÁFINN KVEÐUR** Benedikt páfi XVI. yfirgefur messu í Níkósíu á Kýpur á þriðja og síðasta degi heimsóknar sinnar til eyjarinnar. NORDICPHOTOS / AFP

Efnahagsbrotadeild bresku lögreglunnar rannsakar lánveitingar:

# Skoðar fimm viðskiptavini Kaupþings

**LÖGREGLUMÁL** Efnahagsbrotadeild bresku lögreglunnar hefur til rannsóknar nokkur eignarhaldsfélög sem tengjast viðskiptavinum og fyrrverandi stjórnendum hjá Kaupþingi í Bretlandi og lánveitingar til kaupa á skuldatryggingum upp á hálfan milljarð evra í aðdraganda bankahrunsins fyrir tæpum tveimur árum.

Á meðal þeirra sem eru undir smásjá lögreglunnar eru þau Kevin Stanford og Karen Millen, sem stofnuðu tískuvörukeðju í nafni Millen, og Tony Yerolemou, fyrrverandi forstjóri Katsouris Fresh Foods, sem seldi félagið til Bakkavarar árið 2001. Hann var jafnframt stjórnarmaður í Bakkavör og um tíma hjá Kaupþingi. Stanford hefur um árabil átt í nánum viðskiptum við Baug og FL Group. Hann var um tíma fjórði stærsti hluthafi Kaupþings en einn af stærstu skuldurum hans á sama tíma.

Breskir fjölmiðlar sögðu um helgina rannsókn lögreglunnar þar í landi hafa byrjað í desember í fyrra og snúi hún öðru fremur að viðskiptum Kaupþings og aflandsfélögum fimm stærstu viðskiptavina þess. Þremenningarnir sem áður eru nefndir eru á meðal þeirra. **- jab**



**FORSTJÓRINN** Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings-samstæðunnar, er hann kom úr skýrslutöku sérstaks saksóknara í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GELDINGANES** Slæm umgengni hefur verið vandamál á svæðinu.

Samgöngur í Reykjavík:

## Lokað fyrir bílaumferð út í Geldinganes

**SAMGÖNGUR Veginum út í Geldinganes yfir Eiðsvík hefur verið lokað fyrir bílaumferð. Slæm umgengni á svæðinu varð til þess að grjóthleðslu var komið fyrir á miðjum veginum í vetur. Grjóthleðslunni var nýlega hrundið til hliðar en starfsmenn Reykjavíkurborgar brugðust við fyrr í vikunni og strengdu keðju yfir veginn, að sögn Guðbjarts Sigfússonar hjá skrifstofu Gatna- og eignaumsýslu Reykjavíkurborgar.**

**Vegurinn er enn opinn gangandi vegfarendum en Geldinganes er vinsælt útivistarsvæði meðal íbúa Grafarvogs. - mþl**

# VG skoði sín mál vandlega

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig standa Vinstri græn eftir sveitarstjórnarkosningarnar?

VG hefur opinberlega lýst yfir bæði ánægju með aukinn fjölda sveitarstjórnarfulltrúa eftir kosningarnar og vonbrigðum með skellinn sem flokkurinn fékk, sérstaklega í þéttbýlinu. Svipað hljóð er í innanflokksmönnum, þótt því sé ekki að leyna að vonbrigðin eru víðast meiri en ánægjan.

VG tapaði fylgi milli sveitarstjórnarkosninga eins og hinir gömlu flokkarnir, eða þremur prósentustigum. Fór úr 12,6 prósentum í 9,6 á landsvísu.

Þegar litið er til síðustu alþingiskosninga er skellurinn þó meiri, því þá fékk hann 21,7 prósent á landsvísu. Hann hefur helmingast og kemur því verr út úr þeim samanburði en hinir flokkarnir. Hér skal þess getið að ekki er tekið tillit til fylgis sameiginlegra framboða, þar sem VG skipaði hluta listans, en þau gengu víða vel.

Mest eru vonbrigðin í Reykjavík. Kosningabaráttan í höfuðborginni fór fram í skugga forvalsdeilna tveggja efstu manna og bendir viðmælandi á að Þorleifur Gunnlaugsson, sem var í öðru sæti, hafi verið nær ósýnilegur í baráttunni. Helsta athygli hafi svo vakið óheppileg ummæli Sóleyjar Tómasdóttur um barnauppeldi. Sóley þótti hins vegar standa sig mjög vel í sjónvarpsviðtölum.



**LÍTA TIL ALLRA ÁTTA** Hér sjást þeir Jón Bjarnason, Ögmundur Jónasson og Steingrímur Jóhann Sigfússon. Margir í VG klóra sér nú í hausnum og leita skýringa á gengi flokksins í kosningunum, sem var langt undir væntingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

En stemmingin var einfaldlega ekki góð í Reykjavík. Illa mun hafa gengið að ná í sjálfboðaliða og margt unnið á síðustu stundu.

Þau Sóley og Þorleifur þykja ekki jafn sterkir frambjóðendur og Svandís Svavarsdóttir og Árni Þór Sigurðsson voru 2006. Einn gamalreyndur VG-maður telur að þau eigi að hugsa sinn gang. Ætla Sóley og Þorleifur að leiða listann 2014? Ef ekki, væri best að þau hleyptu öðrum að.

Þetta skýrir ekki allt. Besti flokkurinn rassskellti alla flokka í Reykjavík með því að bjóða upp á þekkt og yfirleitt vinsælt fólk sem var ekki óhreinkað af þátttöku í pólitík, og með nýrri, óhefðbundinni nálgun, sem gerði lítið úr þeirri gömlu. VG var ekki tilbúið í Jón Gnarr frekar en aðrir flokkar. Ekki heldur í Lista fólksins á Akureyri.

Svo virðist sem flokkurinn hafi talið sig geta treyst á vinstrisveiflu í þjóðfélaginu, rannsóknarskýrslu og slæma stöðu annarra flokka vegna stjórnarþátttöku og styrkjamála í góðærinu. VG ber jú minnsta ábyrgð fjórflokksins á hruninu, enda mannaði það fáar valdastöður í aðdraganda þess.

En kjósendur eru óþolinmóðir og hafa að líkindum látið erfiðleika í landsmálum stjórna sér nokkuð í kjörklefanum. VG er búið að vera við völd síðan í febrúar 2009 við afar erfiðar aðstæður. Þá þykir sumum að VG hafi verið fljótt að tileinka sér miður góða starfshætti valdaflokks. VG hafi sýnt að það er eins og allir hinir.

Innra starf í flokknum hafi verið vanrækt á stjórnartímanum og almenningur upplifi ekki ríkisstjórnina sem „stjórn fólksins“. Lítil rótttækni sé í því að leyfa bönkum og skilanefndum að vera ríki í ríkinu meðan heimilin borga reikninga útrásarvíkinga.

Ögmundur Jónasson þingmaður segir að Besti flokkurinn hafi gefið kjósendum tækifæri til að „taka þátt í uppreisn á kjörstað“. Kjósendur hafi mótmælt stjórnmálahefð fjórflokksins, VG sem annarra. „Þeir eru að segja að það gangi ekki að segja eitt fyrir kosningar og gera annað eftir þær,“ segir Ögmundur. Krafa kjósenda sé um aukið beint lýðræði og opinskárri umræðu.

Einn viðmælandi telur að ESB-umsóknin og þáttur VG í henni hafi staðið í mörgum. Það eitt og sér skýrir þó ekki að verr gangi í þéttbýli en dreifbýli, þar sem meiri andstaða er við ESB. Þó skal haldið til haga að í Norðvesturkjördæmi ESB-andstæðinganna Jóns Bjarnasonar og Ásmundar Einars, gekk VG mjög vel.

Hvorki Ögmundur Jónasson né aðrir viðmælendur líta svo á að formaðurinn, Steingrímur J. Sigfússon, þurfi að huga að stöðu sinni persónulega. Einn orðar það svo að vandfundinn sé sá formaður sem njóti jafn mikils stuðnings, allt að níutíu prósent, innan síns flokks. Flestir telja þó að eitthvað þurfi að breytast. Hvað það er nákvæmlega sé ekki gott að segja. Flokkurinn þurfi í það minnsta að íhuga hvernig hann geti sett upp girðingu milli sín og annarra í fjórflokknum.

**klemens@frettabladid.is**



# HREINLÆTISTÆKI

*- fyrir þitt heimili*

*Sumar TILBOÐ!*






Sturtusett með hitastýrðu blöndunartæki
**29.900** stgr



Sturtu-stangarsett
**4.900** stgr







**STURTUKLEFAR** Heill 80x80 **69.900** stgr

**BAÐKÖR** verð frá **26.800** með fótum *emilerað stál*




Hert öryggisgler Sturtubotn og vatnslás fylgja

**STURTUHORN** 80x80 og 90x90 **29.900** stgr




**WC** stútur í vegg mjúklokandi seta **19.900** stgr




**WC** upphengt, sjálfberandi innbyggingarkassi með öllu
**35.900** stgr

**WC** með mjúklokandi setu

## BOGA HVÍTIR

| | |
|---|---|
| 700 x 450 mm | 7.500.- STGR |
| 700 x 500 mm | 8.450.- STGR |
| 800 x 450 mm | 9.250.- STGR |
| 800 x 500 mm | 10.350.- STGR |
| 970 x 450 mm | 11.200.- STGR |
| 970 x 500 mm | 11.900.- STGR |
| 1120 x 550 mm | 12.700.- STGR |
| 1200 x 500 mm | 13.500.- STGR |
| 1200 x 550 mm | 14.300.- STGR |
| 1320 x 500 mm | 14.900.- STGR |
| 1450 x 500 mm | 15.900.- STGR |
| 1500 x 550 mm | 16.700.- STGR |
| 1600 x 500 mm | 17.500.- STGR |
| 1760 X 500 mm | 18.900.- STGR |

## BOGA KRÓM

| | |
|---|---|
| 700 x 450 mm | 12.700.- STGR |
| 760 x 550 mm | 15.900.- STGR |
| 800 x 500 mm | 16.700.- STGR |
| 800 x 550 mm | 17.500.- STGR |
| 1000 x 500 mm | 19.900.- STGR |
| 1120 x 550 mm | 21.500.- STGR |
| 1200 x 550 mm | 22.900.- STGR |
| 1320 x 500 mm | 23.900.- STGR |
| 1450 x 500 mm | 26.300.- STGR |
| 1500 x 550 mm | 27.900.- STGR |
| 1600 x 500 mm | 30.900.- STGR |



## HANDKLÆÐAOFNAR

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR — KRÝSUVÍK
*- hjálp til heilbrigðis*

**INNRÉTTINGAR & TÆKI** *- fyrir þitt heimili*

**www.i-t.is**

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Íbúalýðræðið

„Þetta er íbúalýðræði og fólk verður að átta sig á því," sagði Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, eftir að stækkun álversins í Straumsvík var hafnað í íbúakosningum fyrir þremur árum. Fyrir rúmri viku gengu Hafnfirðingar aftur til atkvæða og kusu sér bæjarfulltrúa. Lúðvík Geirsson var ekki í þeim hópi. Samt verður hann áfram bæjarstjóri. Sumum kemur það spánskt fyrir sjónir. „Þetta er ekki íbúalýðræði og fólk verður að átta sig á því," gæti Lúðvík þá kannski svarað þeim sem malda í móinn.



### Launaviðtal

Að fara í launaviðtal er ekkert gamanmál. Þá gildir að mæta vel undirbúinn. Á heimasíðu VR má finna nokkrar góðar ábendingar fyrir þá sem sækjast eftir launahækkun, til dæmis þessi: „Fáðu einhvern sem þú treystir vel til að fara með þér í hlutverkaleik og æfðu þig, hvað þú ætlar að segja og hvernig þú vilt koma því frá þér."



### Bara æfing?

Þetta hlýtur að vera skýringin á því hvers vegna Már Guðmundsson seðlabankastjóri sendi Jóhönnu Sigurðardóttur línu og útskýrði launakröfur sínar. Hún hefur jú útskýrt að hún hafði alls ekkert um þau mál að segja. Liggur því beinast við að ætla að Már hafi viljað taka eins og eina létta æfingu áður en hann mætti í alvöruviðtalið.

bergsteinn@frettabladid.is

Raunsæi félagsmálaráðherrans vekur hörð viðbrögð hjá hagsmunasamtökum:

# Dugar frysting launa til?

Grein Árna Páls Árnasonar, félags- og tryggingamálaráðherra, hér í Fréttablaðinu í gær hefur vakið mikla athygli og viðbrögð. Ráðherrann velti þar fyrir sér leiðum til að ná fram bráðnauðsynlegum niðurskurði í ríkisrekstrinum á næstu árum og telur nauðsynlegt að ná þjóðarsátt um að frysta laun opinberra starfsmanna næstu þrjú árin, ásamt lífeyrisgreiðslum og öðrum afkomutengdum greiðslum ríkisins, til dæmis til bænda.

Rök ráðherrans fyrir þessari tillögu eru einföld: Það eru ekki til neinir peningar til að hækka laun opinberra starfsmanna. Ef laun opinberra starfsmanna hækkuðu, yrði að segja upp fólki til að standa undir kauphækkunum til þeirra sem héldu vinnunni.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Talsmenn opinberra starfsmanna virðast hafa takmarkaðan skilning á þessum tiltölulega einföldu sannindum, ef marka má viðbrögð þeirra við grein ráðherrans. Þeir eru bæði á móti launafrystingu og uppsögnum opinberra starfsmanna. Tillögur þeirra um hvernig eigi þá að loka fjárlagagatinu eru hins vegar í bezta falli óljósar.

Tvær leiðir eru til að rétta af hallann á ríkissjóði. Að skera niður kostnaðinn og hækka skattana. Lækkun kostnaðar um tugi milljarða mun óhjákvæmilega koma niður á opinberum starfsmönnum, svo hátt er hlutfall launa í kostnaði ríkisins. Verði sú leið ekki farin þýðir það aðeins eitt, að almenningur þarf að borga hærri skatta. Það er sú krafa, sem forsvarsmenn ríkisstarfsmanna gera í raun ef þeir ætla bæði að krefjast hærri launa og leggjast gegn því að nokkur maður í þjónustu ríkisins missi vinnuna vegna niðurskurðar.

Félagsmálaráðherrann virðist vera að leita að leið til að framkvæma niðurskurðinn með sem sársaukaminnstum hætti; að verja störf fólks hjá ríkinu með því að frysta launagreiðslur. Hugsanlega stendur valið á milli uppsagna og launafrystingar. En það getur líka verið að launafrysting dugi alls ekki til; uppsagnir verði einnig að koma til.

Sú staða, sem ríkisstjórnin er í, er ekki öfundsverð en heldur ekkert einsdæmi. Frá flestum vestrænum ríkjum berast nú fréttir af miklum niðurskurði fjárlaga með launalækkunum, uppsögnum, sameiningum og lokun ríkisstofnana. Þetta er sá kaldi raunveruleiki sem ekki þýðir annað en að horfast í augu við.

Í góðærinu var þjónusta ríkisins þanin of hratt út. Ríkisstarfsmönnum fjölgaði meira en starfsmönnum á almennum vinnumarkaði og launahækkanir þeirra komu iðulega á undan hækkunum á almenna markaðnum. Nú er ekki innstæða lengur fyrir þessari útþenslu ríkisútgjaldanna. Atvinnulíf og verðmætasköpun í landinu ber ekki ríkiskerfi af núverandi stærðargráðu.

Grein félagsmálaráðherrans er til marks um að hann horfir raunsætt á málin og er reiðubúinn að beita sér fyrir erfiðum en nauðsynlegum ákvörðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

12 V hleðsluborvél m. höggi



PIPAR\TBWA • SÍA • 101164

Verð með vsk.
59.900

DCD945B2
Öflug 12 V borvél m. höggi
LED-ljós
13 mm patróna
3ja gíra, 0-450/1200/1800
Átak 44 Nm.
2x2,6 Ah Ni-Mh rafhlöður.

Verslanir
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

## HALLDÓR




# Algerlega ómögulegt

Frysting launa



Sighvatur Björgvinsson
fyrrverandi ráðherra og einn af stofnendum Samfylkingarinnar

Stjórnmál eru list hins mögulega. Til að læra þá list verður stjórnmálamaður að kunna að gera greinarmun á því, sem honum er mögulegt – sem hann ræður við – og því, sem honum er ómögulegt – sem hann ræður ekki við. Séu stjórnmálamanni falin völd á hann að einbeita sér að því sem hann getur ráðið við en láta vera yfirlýsingar um það, sem hann ræður ekki við. Ástæðan fyrir þessum ábendingum er grein, sem Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra ritaði í Fréttablaðið í gær. Þar nefnir hann réttilega mikinn fjárhagsvanda ríkissjóðs, sem ekki stendur lengur undir viðfangsefnum, sem stofnað var til á uppgangsárunum. Meðal tillagna hans um lausn þess vanda er að frysta laun opinberra starfsmanna til næstu þriggja ára og lífeyrisgreiðslur sömu leiðis.

Laun opinberra starfsmanna eru ákvörðuð með samningum. „Þjóðarsátt" um frystingu launa þeirra getur ekki orðið nema opinberir starfsmenn fallist á það í samningum við ríkisvaldið. Telur Árni Páll það vera líklegt? Ræður hann við það? Eða er honum mögulegt að ná því fram eftir öðrum leiðum t.d. með setningu laga á Alþingi? Ræður Árni Páll við það?

Sama máli gegnir um tillögu hans um frystingu lífeyris landsmanna næstu þrjú árin. Ræður Árni Páll við það?

Skrif af þessu tagi vekja annars vegar og að þarflausu andúð launafólks, sem ríkisvaldið þarf að eiga sem best sam-

> Laun opinberra starfsmanna eru ákvörðuð með samningum. „Þjóðarsátt" um frystingu launa þeirra getur ekki orðið nema opinberir starfsmenn fallist á það í samningum við ríkisvaldið.

skipti við á næstu misserum. Hins vegar og einnig að þarflausu grafa þau undan trausti þeirra, sem hvað mest eiga undir því að traust sé til þeirra borið.

Þesi grein ráðherrans var satt best að segja algerlega ómöguleg.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ekki í mínu nafni

Hjúskaparlög

**Sigríður Guðmarsdóttir**
sóknarprestur í Grafarholtsprestakalli og doktor í kristinni trúfræði



Frumvarp um ein hjúskaparlög liggur fyrir Alþingi og hafa þinginu borist ýmsar umsagnir sem lesa má á vef þingsins. Í umsögn sinni fyrir hönd þjóðkirkjunnar telur biskup Íslands frumvarpið ganga gegn ríkjandi hjúskaparskilningi. Þar segir: „Ríki og trúfélögin hafa álitið hjónabandið heilagt og ríki jafnt sem kirkja verið skuldbundin að virða það“ (bls. 2). Biskup heldur áfram: „Nú gengur ríkið fram með nýja skilgreiningu á hjúskapnum, sem byggir á hugmyndafræði sem runnin er af öðrum rótum en þeim sem trúarbrögð og siðmenning og flest ríki heims hafa hingað til viðurkennt sem viðmið“ (bls.3).

Ályktanir biskups um altæk viðmið hjónabandsins kalla á ýmsar spurningar. Í fyrsta lagi virðist gengið út frá því að hjónabandið á öllum tímum sé eitt og sama fyrirbrigðið. Athyglisvert er að heyra lútherskan biskup ræða um heilagleika hjónabandsins og samhengi í sögu og samtíð í ljósi þess að lútherska siðbótin hafnaði hinum rómversk-kaþólska sakramentisskilningi á 16. öld og bylti þannig viðhorfum til hjónabandsins.

Íslensk hjúskaparlöggjöf er ekki ein og óbreytanleg heldur í örri þróun. Þegar ég vígðist til prests árið 1990 stóð enn í hjúskaparlögum að eigi mætti vígja „geðveikan mann eða hálfvita“ í hjónaband, sem lýsir allvel fordómum samfélagsins gagnvart þeim sem áttu við geðræn vandamál eða greindarskerðingu að etja. Fátækralöggjöf 19. aldar varnaði fátæku fólki og jarðnæðislausu aðgang að hjónabandinu. Hjónabandslöggjöf á Íslandi í upphafi 21. aldar er ekki sama samfélagsstofnun og sú sem var við lýði í Rómaveldi fornkirkjunnar eða íslenskri sveit á 19. öld. Hún stendur vörð um kærleikssamband og jafnræði tveggja manneskja sem bindast hvor annarri nánum kærleiks- og kynlífsböndum og ætti engu að gilda hvort hjónaefnin eru fátæk, fráskilin, með geðraskanir, af sama eða gagnstæðu kyni.

Í öðru lagi fullyrðir biskup að frumvarpið gangi gegn sameiginlegri siðmenningu og trúarbrögðum þjóða heims og sé runnin undan rótum annarlegrar hugmyndafræði. Skv. 1. Mósebók eru allar mannverur skapaðar í Guðs mynd og slík viðmið mynda ýmsa hornsteina mannréttindahugsjóna Vesturlanda um frelsi, jafnrétti og samstöðu jarðarbarna. Ég tel ein hjúskaparlög vera í rökréttu samræmi við sköpunarskilning sem gengur út frá jafnræði allra sem mannvera og kynvera. Ef hugmyndafræði einna hjúskaparlaga gengi þvert gegn viðmiðum trúarbragða og siðmenningar, eins og biskup vill vera láta, hvað segði það þá um viðmiðin?

Ég er ein 90 presta og guðfræðinga sem lögðu fram stuðningstillögu við frumvarpið á Prestastefnu. Dagskrártillaga studd af öllum þremur biskupunum um að vísa málinu til biskups var lögð fram og naumlega samþykkt. Ekki var tekin afstaða til stuðningstillögunnar, en flutningsmenn drógu hana heldur ekki til baka og er hugur fjölmargra presta og guðfræðinga til frumvarpsins því skýr. Biskup Íslands víkur lauslega að tillögu hinna níutíu í umsögn sinni, þar sem rætt er um „hóp presta og guðfræðinga.“ Fátt minnir á vilja þessa „hóps“ í umsögn biskups fyrir hönd þjóðkirkjunnar. Umsögn biskups veldur mér vonbrigðum og hann talar þar ekki í mínu nafni. Ég þakka dómsmálaráðherra fyrir vandað frumvarp og vonast til að það verði að lögum 27. júní næstkomandi.

> Þegar ég vígðist til prests árið 1990 stóð enn í hjúskaparlögum að eigi mætti vígja „geðveikan mann eða hálfvita“ í hjónaband, sem lýsir allvel fordómum samfélagsins gagnvart þeim sem áttu við geðræn vandamál eða greindarskerðingu að etja.

# Námslán takmörkuð

Námslán

**Sigurður Kári Árnason**
fulltrúi Stúdentaráðs HÍ í stjórn LÍN



Á dögunum voru samþykktar nýjar úthlutunarreglur LÍN, Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Breytingarnar miðuðu að því að ná fram sparnaði sem krafist var af menntamálaráðuneytinu. Lán til barnafólks voru skert þannig að upphæð með hverju barni lækkar eftir sem börnin verða fleiri á framfæri námsmanns. Þessi leið var valin m.a. með tilliti til þess að framfærsla Lánasjóðsins til barnafólks var ekki jafn slæm og til barnlausra. Er því niðurstaðan að allir námsmenn fá námslán sem ekki geta framfleytt þeim, líka barnafólk.

Hin sparnaðarleiðin var að herða á námsframvindukröfum svo námsmaður eigi ekki rétt á láni úr sjóðnum. Samkvæmt eldri reglum þurfti námsmaður að ná 20 einingum á ári til að eiga rétt til láns úr sjóðnum en heilt skólaár eru 60 einingar. Voru kröfurnar hertar með þeim hætti að nú verður krafist 18 eininga á önn og tilfærslur milli anna verða ekki mögulegar. Nái námsmaður ekki þessum 18 einingum fær hann ekki krónu til framfærslu á þeirri skólaönn. Sjónarmið meirihluta stjórnar LÍN eru á þá leið að ljúki námsmaður ekki að lágmarki 18 einingum á önn sé hann ekki reglulegur námsmaður, líklega að vinna með skóla og þurfi því ekki á framfærslu sjóðsins að halda. Þessi rök eru alger markleysa enda er tekjuskerðing námslána svo há að námsmaður í 50% starfi á lágmarkslaunum með skóla fær vart greidd lán. Námsmannahreyfingarnar sem sæti eiga í stjórn LÍN hafa bent á að þetta snúist um námsmenn sem eru í fullu námi en af einhverjum ástæðum náðu ekki tilsettum árangri eina önn. Allir geta fallið á prófi. Í sumum háskóladeildum eru námskeið allt að 15 einingar og falli námsmaður í slíku námskeiði eru framfærslumöguleikar hans hrundir. Á þetta sérstaklega við í Háskóla Íslands þar sem með nýjum reglum eru upptökupróf ekki haldin nema í undantekningartilfellum. Þá verður að benda á að fall er ekki áfellisdómur um leti, í mörgum námskeiðum er fall vel yfir 50% og því meirihlutinn sem nær ekki í fyrstu tilraun.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er jafnréttistæki sem á að veita öllum tækifæri til náms, óháð efnahag. Aukin niðurskurðarkrafa á LÍN mun á endanum eyðileggja þetta tæki og jafnframt verður æðri menntun ekki lengur réttur allra.

## Atvinnulíf við nýjar aðstæður



Gylfi M. Guðrún Stefán Benedikt Rögnvaldur Örn Gylfi Z. Helga

**Á ráðstefnunni verður fjallað um það hvernig hægt er að skapa umhverfi heilbrigðs atvinnulífs sem byggir á verðmætamyndun og nýsköpun. Áhersla er lögð á að greina starfsskilyrði fyrirtækja, úrbætur á regluverki, nýsköpunarmöguleika og hagstjórn og lýsa því hvernig heilbrigðara fjármálaumhverfi innanlands getur hjálpað fyrirtækjum og atvinnugreinum að ná sér á strik.**

**Fimmtudaginn 10. júní kl. 13:00 til 16:00 á Háskólatorgi HT-101 í Háskóla Íslands**

Setning: **Gylfi Magnússon**
**Guðrún Johnsen**, Bankar og fjármálamarkaðir
**Stefán Svavarsson**, Reikningshald og endurskoðun
**Benedikt Jóhannesson**, Starfsskilyrði fyrirtækja
**Rögnvaldur Sæmundsson** og **Örn D. Jónsson**, Frumkvöðlar og nýsköpun
**Gylfi Zoega**, Hagstjórn og efnahagslíf
Pallborðsumræður: **Helga Valfells**, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og fulltrúar fyrirtækja

**Ingjaldur Hannibalsson** stýrir fundinum

**Allir velkomnir**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

## Costa del Sol

**22. júní og 6. júlí, 11 eða 14 nætur**

**Frá kr. 79.900**

**Frá kr. 119.900 með öllu inniföldu**





**11 eða 14 nátta ferð - ótrúleg kjör!**

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum í spennandi sumarleyfisferðir til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Í boði eru ferðir 22. júní í 14 nætur og 6. júlí í 11 nætur. Fjölbreytt gisting í boði á ótrúlegum kjörum. Costa del Sol býður allt það helsta sem maður getur óskað sér í fríinu. Gríptu þetta einstaka tækifæri til að njóta lífsins á þessum vinsæla áfangastað í sumarfríinu.

**Ath. mjög takmarkaður fjöldi íbúða og herbergja í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.**

**Verð kr. 79.900**
**Bajondillo *****
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í stúdíóíbúð í 14 eða 11 nætur. Verð m.v. 2 í stúdíó kr. 89.900. Verð m.v. m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi kr. 89.900 í 14 eða 11 nætur. Sértilboð 22. júní og 6. júlí.

**Verð kr. 119.900**
**Aguamarina *** með fullu fæði (+ drykkir með mat)**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi í 14 eða 11 nætur með fullu fæði og drykkjum með máltíðum. Verð m.v. 2 í stúdíóíbúð í 14 eða 11 nætur kr. 149.900 með fullu fæði og drykkjum með máltíðum. Sértilboð 22. júní og 6. júlí.

**Verð kr. 119.900**
**Hotel Griego Mar *** með “öllu inniföldu”**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með “öllu inniföldu” í 14 eða 11 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með “öllu inniföldu” í 14 eða 11 nætur kr. 134.900. Sértilboð 22. júní og 6. júlí.

Heimsferðir
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Bætur úr sjúkratryggingum eiga að vera skattfrjálsar

Tryggingar



Stefán Einar Stefánsson
viðskiptasiðfræðingur

Frá árinu 1996 hafa tugþúsundir Íslendinga keypt svokallaðar sjúkdómatryggingar hjá íslenskum og erlendum tryggingafélögum. Eiga þær að tryggja fjárhagslega stöðu fólks þegar það greinist með alvarlega sjúkdóma á borð við krabbamein, MS, Alzheimer, hjartasjúkdóma o.fl. Hafa þessar tryggingar m.a. verið hugsaðar til þess að mæta tekjumissi, kostnaði sem fellur til vegna ferðalaga tengdum læknismeðferð og öðrum þeim útgjöldum sem fylgja langvinnum veikindum.

**Eru bæturnar skattskyldar?**

Þegar alvarlegra veikinda verður vart og einstaklingur öðlast rétt til bóta á grundvelli sjúkdómatryggingar, hefur sá háttur verið hafður á að umsamin tryggingarupphæð hefur verið greidd út í formi eingreiðslu. Hefur sá skilningur einnig verið almennur að tryggingarfjárhæðin sé undanþegin lögum um tekjuskatt, rétt eins og greiðslur líftryggingarfjár, miskabætur, dánarbætur og bætur þær sem fólk hlýtur á grundvelli varanlegrar örorku.

Nú hefur yfirskattanefnd hins vegar komist að þeirri niðurstöðu (úrskurður nr. 93 frá 2009) að bætur á grundvelli sjúkdómatrygginga, falli ekki í flokk fyrrnefndra bóta af þeim sökum að þær séu ekki sérstaklega tilgreindar í 2. tl. 28. gr. tekjuskattslaganna nr. 90 frá 2003. Hefur málinu verið vísað til dómstóla og innan skamms mun Hæstiréttur kveða upp úrskurð sinn í þessum efnum.

Hér skal ekki fullyrt hvort yfirskattanefnd hafi komist að lögfræðilega réttri niðurstöðu í málinu eða ekki. Sannarlega eru sjúkdómatryggingar ekki sérstaklega tilgreindar í fyrrnefndu lagaákvæði og af þeim sökum kann að vera að nefndin hafi á réttu að standa í úrskurði sínum. Það breytir ekki því að sá grunur læðist óhjákvæmilega að manni að þar hafi nefndin fremur komið auga á galla í lögum um tekjuskatt, fremur en að hún hafi hent reiður á vilja löggjafans í þessum efnum.

**Réttlætissjónarmið**

Alþingi Íslendinga hefur mótað og sett lög um það hvaða tekjur skuli falla undir lög um tekjuskatt. Það hefur verið talið réttlætismál að dánarbætur, bætur vegna varanlegrar örorku og miskabætur, séu undanþegnar tekjuskatti þegar um eingreiðslu á þeim er að ræða. Vísar það fyrst og fremst til þeirrar staðreyndar að bætur af þessu tagi koma til þegar fólk hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum eða þungbærum missi. Bætur sem koma til vegna slíkra auðnubrigða eru að öllum líkindum ekki tekjur sem ríkisvaldinu ætti að hugnast að gera sér mat úr. Eðlilegast er að bætur af því tagi gangi óskertar til þeirra sem fyrir áfallinu hafa orðið, til þess að létta undir og gera lífið bærilegra en ella hefði orðið. Oft er haft á orði að þeir skuli skattinn greiða sem aflögu eru færir en það væru sönn öfugmæli að halda því fram að mikið veikt fólk fylli þann flokk. Sjúkdómatryggingum er í raun aðeins ætlað að tryggja að líkamlegt áfall fólks verði því ekki einnig fjárhagslegt.

Sé það almennur skilningur fólksins í landinu að bætur vegna miska, slysa eða dauðsfalla skuli undanþegnar tekjuskatti, er ekki óeðlilegt að sami mælikvarði gildi um sjúkdómatryggingar og útgreiðslur þeirra. Af þeim sökum er mikilvægt að löggjafinn bregðist hið snarasta við og bæti hugtakinu „sjúkdómatrygging“ við fyrrgreint lagaákvæði. Aðeins með því getur Alþingi staðið vörð um hagsmuni þeirra einstaklinga sem því miður horfast í augu við að sú trygging sem þeir vonuðust til að aldrei kæmi til með að nýtast þeim, geti orðið þeim haldreipi í erfiðum aðstæðum.




# Barnavernd og unglingar

Barnavernd



Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
lögfræðingur félagsþjónustu Kópavogs

Í ljósi þeirra breyttu þjóðfélagsaðstæðna sem við lifum við í dag í kjölfar efnahagshrunsins og í ljósi nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga finnst mér ástæða til að vekja athygli á aðstæðum ákveðins hóps ungra einstaklinga á Íslandi.

Barnaverndaryfirvöld þurfa á hverjum tíma að hafa afskipti af ákveðnum hópi ungmenna sem eiga erfitt með að fóta sig í lífinu vegna afleiðinga vímuefnaneyslu og/eða ófullnægjandi uppeldisaðstæðna. Ákvæði barnaverndarlaga og lögræðislaga gera það að verkum að yfirvöldum er ekki skylt eftir 18 ára aldur að veita þeim sérstaka vernd eða stuðning. Einu úrræði barnaverndaryfirvalda samkvæmt barnaverndarlögum til áframhaldandi vistunar eða meðferðar er háð samþykki ungmennanna sjálfra og í reynd er mjög erfitt að bjóða fram áframhaldandi aðstoð til einstaklinga annarra en þeirra sem eru í virkri meðferð eða vistun þegar þau verða 18 ára. Það skiptir þá litlu hvort þau eru á götunni vegna neyslu eða slæmra fjölskylduaðstæðna.

Hinn félagfræðilegi og sálfræðilegi þáttur löggjafarinnar virðist standa nokkuð höllum fæti og mætti til dæmi leggja meiri áherslu á afleiðingar vímuefnaneyslu á þroska unglinganna í stað lífaldurs við mat á hvenær ljúka skuli barnaverndarafskiptum, þar sem um flókið samspil vandamála er að ræða. Þessir einstaklingar þurfa margir hverjir meiri stuðning og hjálp en kerfið býður upp á í dag. Í flestum tilfellum eru þau ekki tilbúin vegna bakgrunn sins, til að takast á við hlutverk fullorðins einstaklings eins og lögin ætlast til af þeim.

Á sama tíma er vandi sumra ungra vímuefnaneytenda í dag það alvarlegur og djúpstæður með tilkomu aukins HIV-smits, lifrarbólgu og aukinnar notkunar samskiptaforrita á Netinu, að þau úrræði sem standa til boða eru ekki lengur fullnægjandi. Úrræðin fyrir þennan hóp þurfa að vera mun fjölbreyttari en þau eru í dag auk þess sem í barnarverndarlögum væri hægt að sjá fyrir sér sérkafla sem fjallaði um úrræði fyrir unga vímuefnaneytendur sem náð hafa 18 ára aldri. Áhugavert er að líta til Bretlands hvað varðar áframhaldandi stuðning barnaverndaryfirvalda þar sem sett hefur verið inn í barnaverndarlöggjöf að barnaverndarstarfsmönnum sé skylt að fylgja eftir Þeim börnum sem þeir hafa haft afskipti af allt til 21 árs aldur.

Í dag er aðeins boðið upp á tvö meðferðarúrræði sem kallast langtímameðferðir en eru þó í raun aðeins eitt ár. Skortur virðist einnig vera bæði á að fagaðilar standi að og vinni á meðferðarheimilunum hér á landi. Áhugavert væri að sjá samanburðarannsóknir á hvernig ungmennum vegnar sem fara í langtímameðferðir hér á landi annars vegar og á Norðurlöndum hins vegar þar sem langtímameðferðir eru tvö ár eða lengri. Þannig mætti skoða hvort það er meðferðarform sem við þyrftum að taka upp hér til að vernda og styðja unglingana okkar betur. Það virðist einnig vera fáar eða jafnvel engar rannsóknir hér á landi sem skoða hvernig Þeim börnum sem barnavernd hefur haft afskipti af reiði af almennt í lífinu.

Af ofantöldu má sjá að sveitarfélögum er vandi á höndum við að uppfylla skyldur sínar samkvæmt barnaverndarlögunum þegar úrræðin eru bæði fá og lítil þekking er á hver hinn raunverulegi árangur er. Mikilvægt er þess vegna nú að nýjar sveitarstjórnir sem taka til starfa vandi til verka þegar kemur að þessum málaflokki og marki sér stefnu og framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum sem raunverulega hjálpar ungu fólki í vanda bæði fyrir og eftir 18 ára aldur. Á sama tíma verður að hvetja til framsýnnar hugsunar við þá endurskoðun á barnarverndarlögum sem nú stendur yfir á Alþingi.

# Slítum sambandi

Stjórnmálasamband við Ísrael



Ari Tryggvason
stuðningsfulltrúi

Í Kastljósi Sjónvarps þann 1. júní síðastliðinn, ræddu tveir þingmenn viðbrögð vegna árása Ísraela á skipaflota á leið til Gasa með hjálpargögn á alþjóðlegu hafsvæði. Annars vegar var Ögmundur Jónasson, fulltrúi Vinstri grænna og starfandi formaður utanríkismálanefndar, hins vegar, Ragnheiður Eín Ármannsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokks og þingmaður utanríkismálanefndar.

Ragnheiður Elín var því miður í allt of kunnuglegu fari Sjálfstæðismanna þegar málefni Ísraels og Palestínu ber á góma. Að kalla Ísrael og Palestínumenn deiluaðila, eins og hún gerði, líkt og um jafningja væri að ræða, er móðgun við hugtakið frelsi og mannréttindi. Palestínumenn beita andófi með afskaplega vanþróuðum vopnum. Þeir eiga rétt á slíku samkvæmt alþjóðalögum, því þeir eru í sjálfsvörn. Ísraelar, með einna öflugasta og tæknilegasta her sem um getur, eru hins vegar árásaraðilinn og brjóta á rétti Palestínumanna, samkvæmt alþjóðalögum. Leggja Sjálfstæðismenn þetta að jöfnu?

Þrátt fyrir vísbendingar um vissa hugarfarsbreytingu hjá einstaka þingmanni Sjálfstæðisflokks, er flokkurinn í fjötrum kjarkleysis og þýlyndis gagnvart nánu sambandi Bandaríkjanna og Ísraels. Flokkurinn þorir ekki að ganga lengra en stjórn Bandaríkjanna gerir í gagnrýni á Ísrael, hvað þá lengra en Sameinuðu þjóðirnar gera. Þetta er því nöturlegra vegna sögulegrar fordæmingar Sjálfstæðismanna á meintri þjónkun vinstri manna við Sovétríkin á tímum kalda stríðsins. Sú þjónkun er hátíð borin saman við hundingjahátt hinna fyrrnefndu gagnvart Bandaríkjunum, landvinningaríki sem varð til með útþenslu, grundvöllur sem því er í blóð borið.

Ég fæ ekki betur séð en visst geðveikisástand ríki við stjórn Ísraels, sem veldur áhyggjum því landið ræður yfir kjarnorkuvopnum. Vissulega er það huggun harmi gegn, að andófs- og friðarstarf eykst í Ísrael og meðal gyðinga úti um allan heim. Engu að síður er staðan mjög alvarleg. Það verður að beita Ísrael viðlíka aðgerðum og gegn S-Afríku á sínum tíma. Ísrael er ríki, grundvallað á kynþáttahyggju. Svo sjúkt er það í sjálfbirgingshætti sínum, að á því verður að taka líkt og gert er gagnvart gerspilltu og ofdekruðu barni. Foreldrarnir, Evrópa og Bandarkíkin, hafa misst öll tök á uppeldinu.

Íslendingar! Sýnum kjark og þor, slítum stjórnmálasambandi við Ísrael. Bíðum ekki eftir öðrum Evrópuríkjum. Bak stóru orða þeirra er lítil innistæða, einungis veik réttlætiskennd þvæld í samvisku- og hagsmunaflækju.

**SÓL OG SAFARÍ** er 15 daga ferð sem farin verður til Keníu 13. október næstkomandi. Ferðin hefst í höfuðborginni Naíróbí þar sem meðal annars verður farið í gíraffagarð og munaðarlausir fílskálfar verða heimsóttir. Nánari upplýsingar á afrika.is.





FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447






Margrét með búddalíkneskið sem hún smyglaði út úr Taílandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vinsælt myndefni í Kína

**Margrét Stefánsdóttir fór ásamt tveimur vinkonum sínum í heimsreisu vorið 2009. Þar upplifðu þær hvert ævintýrið á fætur öðru og endaði hún ferðina ásamt annarri vinkonunni sem myndefni Kínverja.**

„Við vorum allar búnar í námi og ákváðum að nota tækifærið áður en við yrðum ráðsettar húsmæður að fara í þessa ferð,“ segir Margrét Stefánsdóttir. En hún fór ásamt vinkonum sínum, Særúnu Böðvarsdóttur og Ingibjörgu Hönnu Björnsdóttur, í þriggja mánaða ferð um Ástralíu og Asíu vorið 2009. Viðkomustaðir voru ásamt Ástralíu, Taíland, Laos, Kambódía og Kína.

Þær vinkonur völdu kannski ekki besta tímann til að leggja land undir fót og fara í heimsreisu. Þær voru rétt búnar að klára að borga flugið þegar efnahagshrunið skall á. „Það þýddi ekkert annað en vera bjartsýnn og láta þetta ekki hafa áhrif. Þannig að við flúðum skammdegið og búsáhaldabyltinguna til að upplifa ævintýri,“ segir Margrét.

Eitt af því sem Margrét hafði með sér heim aftur var lítið búddalíkneski og er skemmtileg saga á bak við það. Á leið sinni í gegnum Chiang Mai í Taílandi keypti hún sér þennan minjagrip rétt áður en ferðinni var heitið yfir til Laos. Hún komst síðan að því að bannað er með lögum að flytja slíka gripi úr landi. Til að byrja með ætlaði hún að senda það heim með pósti en þegar henni datt í hug að kannski yrði pakkinn skannaður hætti hún snarlega við. Þá var tekin ákvörðun um að vefja það inn í klæði og setja neðst í bakpokann og taka áhættuna á því að enginn myndi sýna bakpokanum áhuga. Þegar að landamærunum kom tók á móti þeim lítil á sem var farið yfir á spíttbát og því allt þetta drama til einskis.

„Meðal þess sem var sérstaklega eftirminnilegt var þegar við vorum að ferðast á milli borga í Laos. Þá urðum við að taka svokallaða „Slow boats“ til að komast ferða okkar því að vegirnir eru svo hræðilegir þarna. Það er svo sannarlega réttnefni því að við vorum sex klukkutíma annan daginn og sjö klukkutíma hinn daginn á einhverjum pramma og sátum á tréprikum. Við urðum að gista í þorpi yfir nóttina þar sem rafmagnið var tekið af klukkan 22.30 á kvöldin. Ekkert gerðist allan daginn í þessu þorpi nema bátar stoppuðu þarna með farþega og héldu svo áfram daginn eftir. Jú, og við vöknuðum við hanagal og mús borðaði varasalvann minn yfir nóttina. Varasalva sem ég hafði í sakleysi mínu skilið eftir á gólfinu,“ segir Margrét.

Einnig átti sér stað eftirminnilegt atvik þegar vinkonurnar voru staddar í Kína. Þar vöktu Margrét og Ingibjörg sérstaklega mikla athygli meðal Kínverja því þær voru svo hávaxnar. Þær eru tæpir 180 sentimetrar og telst það mjög hátt miðað við Kínverja. Var þeim hrósað í bak og fyrir yfir að vera svona stórar og með stór nef og vildu allir láta taka myndir af sér með þeim.

*linda@frettabladid.is*




Auglýsingasími 512 5401 FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...



# ;Á FERÐINNI




**SJÚKRAKASSI** er nokkuð sem gott er að taka með sér í ferðalagið hvort sem ferðast er innanlands eða farið út fyrir landsteinana.

NÝKOMNIR AFTUR
**OFUR VINSÆLU**
**AÐHALDS BOLIRNIR**







teg. Tanktop - í stærðum S,M,L,XL,2X,3X,4X
litur: húðlitur, verð kr. 5.850,-"

**Misty**

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
**www.misty.is**



# Fetað í fótspor Karitasar

**Nokkrir danskir aðdáendur bókanna um Karitas eftir Kristínu Marju Baldursdóttur rithöfund eru væntanlegir til Íslands í þessum mánuði til að ferðast í fótspor Karitasar og hitta skapara hennar.**

„Þetta er 30 manna hópur sem er „andsetinn af Karitas", eins og það var orðað í fyrsta bréfinu sem ég fékk frá honum um áramót. Hann ætlar að koma til landsins og fara til Sauðárkróks, Akureyrar, Siglufjarðar, Borgarfjarðar eystri, í Öræfin og á Eyrarbakka undir danskri fararstjórn. Svo ætla ég að hitta hann í Norræna húsinu og halda smá fyrirlestur um hvernig bókin varð til," segir Kristín Marja glaðlega þegar forvitnast er um fyrirhugaða hópferð Dana hingað á söguslóðir Karitasar. Hún kveðst reyndar hafa verið vöruð við að kalla Karitas sögupersónu í sínum fyrirlestri.

„Forsvarsmaður hópsins benti mér á að það væri ógáfulegt af mér að tala um hana sem tilbúna sögupersónu því hún væri lifandi í hugum lesendanna og þeir rifust um hana sem slíka. Þeim finnst örugglega meira gaman að ferðast þegar þeir geta velt fyrir sér hvað gerðist hvar – þó ekkert af þessu hafi gerst því sagan er tómur skáldskapur," segir Kristín Marja hlæjandi. Henni vitanlega hafa Íslendingar ekki kveikt á þessum möguleika til menningarferða. „Ég hef reyndar heyrt að konum sem ganga á Hvannadalshnúk hafi fjölgað mjög eftir að Karitas kom út en ég veit ekki hvort hægt sé að þakka henni það."


Borgarfjörður eystri er hluti af sögusviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Kristín Marja segir heilu bókaklúbbana erlendis forfallna „Karitasista". „Ég fæ ótal boð um að koma og halda fyrirlestra um bækurnar og er að fara á þrjá staði í september. Svo er búið að biðja mig að koma í október og líka í nóvember. Það er heilmikið rafmagn í kringum þessa sögu," segir hún og kveðst hafa frétt um nokkra hópa sem hafi komið hingað til lands á undanförum árum eftir lestur bókanna. „Ég hef fengið myndir sendar af söguslóðum og fólk hefur hringt í mig erlendis frá til að spyrja mig um eitt og annað eftir ferðir hingað. Einkum eru það Danir sem hafa lagst í þessar miklu pælingar," segir höfundurinn og kveðst stoltur af því að styrkja ferðaþjónustuna á Íslandi. „Þetta er svipað og maður hefur sjálfur upplifað að ferðast langar leiðir erlendis til að skoða hvar einhver rithöfundur bjó. Það er alltaf gaman að binda saman bækur og landsskoðun og ánægjulegt að íslenskar nútímabókmenntir skuli draga fólk að."

Spurð hvort hún viti um einhverja sem ferðist líka á slóðir Karitasar erlendis eftir lestur seinni bókarinnar, Óreiðu á striga svarar Kristín Marja: „Nei, þetta snýst bara um Ísland enn sem komið er."

*gun@frettabladid.is*

„Það er alltaf gaman að binda saman bækur og landsskoðun og ánægjulegt að íslenskar nútímabókmenntir skuli draga fólk að," segir Kristín Marja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Opið hús**

**hjá okkur í kvöld milli 18-20**

**Flott tilboð og kynningar.**

Kynnum nýja Handavinnuklúbbinn okkar.

FÖNDRA
www.fondra.is

**Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is**
Opið 10-18 virka daga, lokað á laugardögum í sumar



B/A/S/L/E/R

**ÚTSALAN HAFIN!**

**Skipholti 29b • S. 551 0770**

Parísar TÍZKAN
Tízkuhús, stofnsett 1963

# Hugleiðsla á fjallstoppi

**Konur sækja krafta til fjalla er yfirskrift kvennaferðar sem farin verður í Kerlingarfjöll 18.-20. júní. Í ferðinni verður gengið um í magnaðri náttúru, hugleitt, þar á meðal á toppi fjalls, og góður matur borðaður.**

Leiðbeinandi ferðarinnar er Anna Dóra Hermannsdóttir, jógakennari og leiðsögumaður til margra ára, en hún er vel þekkt fyrir námskeið sín þar sem jóga, hugleiðslu og notkun jurta er fléttað saman. Dagskráin mun að hennar sögn mótast af náttúruöflunum og útiveran miðuð við veður, sem verður þá þeim mun meiri sem það er betra.

„Þessi ferð er öllum opin en konur þurfa að vera tilbúnar að ganga svolítið. Við munum leggja land undir fót og á föstudagskvöldinu er gengið á Ásgarðsfjall og hugleitt þar í bjartri nóttinni,“ segir Anna Dóra. Ásgarðsfjall er áberandi þegar komið er að Kerlingarfjöllum af Kjalvegi og af fjallinu er frábært útsýni til hæstu tinda Kerlingarfjalla í suðri sem og til Langjökuls, Kjalar og Hofsjökuls.



Anna Dóra segir magnað að vera uppi á fjalli að hugleiða og mikill kraftur komi frá náttúrunni. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Ferðin er blanda af náttúruupplifun, samveru, gönguferðum, jóga, hugleiðslu, góðum mat og frábærum félagsskap. Við prufukeyrðum ferðina í fyrra og hún tókst afar vel í alla staði. Við ákváðum því að endurtaka hana nú í sumar þar sem konur voru ánægðar og fundu þarna ákveðinn styrk. Konurnar í fyrra voru ekkert endilega í sérstöku gönguformi, en aðalmálið er að vera vel útbúinn og á heimasíðu Kerlingarfjalla, www.kerlingarfjoll.is, má finna lista yfir æskilegan búnað,“ segir Anna Dóra en Hildur Harðardóttir er ásamt Önnu Dóru í forsvari fyrir ferðina. Gist er í tvær nætur í húsunum í Kerlingarfjöllum og matur, jóga, jurtaskoðun og allt er innifalið í verðinu. Anna Dóra segir að skráning fari fram í gegnum tölvupóst sem hún og Hildur taki við en netföngin þeirra eru annadorah@gmail.com og hhardard@gmail.com.

„Það er magnað að vera uppi á fjalli og hugleiða og mikill kraftur sem maður innbyrðir í náttúrunni. Okkur finnst gaman að dagskrána í Kerlingarfjöllum ber upp á alþjóðlega kvennadaginn og því vel við hæfi að konur sæki kraft til fjalla. Maður sér umbreytingu sem verður á fólki við að koma út í náttúruna og gaman að upplifa slíkt í hópi með konum.“

Pláss er fyrir um það bil þrjátíu konur í ferðinni og í fyrra komu konur jafnt með vinkonum sínum sem einar og kynntust því um leið öðrum konum. *juliam@frettabladid.is*



Konurnar sem prufukeyrðu dagskránna í Kerlingarfjöllum í fyrra voru um 28 talsins og var mikil ánægja með ferðina. MYND/ÚR EINKASAFNI












# brúðkaupsgjafir

MIÐVIKUDAGUR 9. JÚNÍ 2010




NORDICPHOTOS/GETTY



*Dúnmjúkar brúðargjafir*

**Úrval brúðargjafa á tilboði**

Sængurfatnaðurinn er ofinn úr gæða bómullardamask.
Yfir 30 tegundir af sængurfatnaði til brúðargjafa.

**Íslensk hönnun á góðu verði.**

Lín DESIGN

Lín Design - gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 - Sími 533 2220 - www.lindesign.is

# Dekur og gisting á besta hóteli Íslands

Brúðhjón ættu ekki að verða svikin af því að fá gistinætur á hótel Glym í brúðkaupsgjöf enda var hótelið nýverið valið besta hótelið á Íslandi af ferðavefnum www. TripAdvisor.com, sem er einn sá stærsti og virtasti í heimi. Þar gefa gestir álit sitt á gististöðum vítt og breitt um heim og hafa þeir gefið hótelinu frábæra umsögn og mun vera sjaldgæft að þeir séu jafn sammála.

„Þetta er frábær viðurkenning fyrir okkur og skiptir miklu máli nú á tímum. TripAdvisor er okkar mikilvægasta markaðstæki enda er varla til sá erlendi ferðamaður sem ekki hefur skoðað síðuna," segir Hansína B. Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Hótel Glyms.


Rómantíkin svífur yfir vötnum.

Hótelið býður upp á sérsniðna pakka fyrir brúðhjón sem geta eytt brúðkaupsnóttinni í tveimur mismunandi lúxussvítum eða í glæsilegu nýbyggðu lúxushúsi. Svíturnar eru sérstaklega skreyttar og er að finna óvæntar gjafir á herbergjunum. Í lúxushúsinu, sem hefur fengið nafnið Unaðssteinn, er lögð áhersla á rómantík og dekur fyrir þá sem gera miklar kröfur. Húsið er sérstaklega hannað fyrir brúðkaup, brúðkaupsferðir, brúðkaupsafmæli og fleira sem því tengist og er meðal annars búið rauðum leðurhornsófa, listmunum, palli og einkapotti. „Erlendir brúðkaupsvefir hafa sýnt húsinu sérstakan áhuga enda eina húsið á Íslandi sem er sérsniðið fyrir brúðhjón," segir Hansína.

Meðal annarra hugmynda má síðan nefna elskendapakka undir yfirskriftinni krydd og kossar sem brúðhjónin gætu nýtt þegar hægist um og hentar. Innifalið er gisting í herbergi með sjávarsýn, fjögurra rétta máltíð, sloppar, heitir pottar, morgunverður og ýmislegt fleira. *- ve*


Hóte Glymur þykir besta hótelið á Íslandi samkvæmt ferðavefnum TripAdvisor.com.


C&S
Chef&Sommelier

Glösin sem gera góð vín betri

| | | |
|---|---|---|
| Rauðvínsglas | 55 cl. | 1.295 |
| Hvítvínsglas | 40 cl. | 1.195 |
| Kampavínsglas | 20 cl. | 1.095 |



FASTUS
www.fastus.is
580 3900
Síðumúla 16



„Þegar maður ætlar bara að gera þetta einu sinni þá verður maður að vanda sig," segir Hjördís um brúðkaupsdaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Málverk og minningabók

**Gestir í brúðkaupi lögregluhjónanna Jóns Gunnars Sigurgeirssonar og Hjördísar Sigurbjartsdóttur gáfu listsköpuninni lausan taum meðan á veislunni stóð. Málverk á heimili þeirra ber vott um það. Minningabók frá deginum er þeim líka mikils virði.**

Jón Gunnar er í vinnunni en Hjördís sýnir Fréttablaðsfólki fúslega mynd og bók sem hvort tveggja varð til að mestu leyti í brúðkaupsveislu þeirra hjóna 16. ágúst árið 2008. Hún segir þessa hluti þeim dýrmæta enda hafi þau málverkið uppi á vegg og skoði oft gestabókina. „Okkur finnst voða gaman að eiga myndirnar og rifja upp það sem fólk skrifaði," segir hún og lýsir því hvernig þetta varð til. „Við keyptum bara striga á blindramma í Söstrene Gröne og stilltum honum upp á trönur úti í einu horni salarins. Við vildum hafa ákveðna liti í verkinu sem pössuðu inni hjá okkur og því voru bara þeir í boði," lýsir hún en vissi hún af listamönnum í salnum? „Nei, nei, en við fengum mann til að skerpa aðeins línur á eftir. Að öðru leyti vitum við ekkert hver gerði hvað en vonum að sem flestir hafi lagt hönd á plóg."



Hjördís segir um 120 manns hafa komið í veisluna og byrjað á að fara í myndatöku. „Það var einn í því að taka myndir fyrir okkur sem voru prentaðar út nánast jafnóðum og límdar á pappaspjöld. Ég hafði stimplað ramma á spjöldin og þar skrifaði fólk nöfnin sín við myndirnar og eitthvað meira ef það vildi. Það kom margt fallegt og skemmtilegt út úr því," segir Hjördís og tekur fram að textinn hafi verið svolítið ólíkur eftir því á hvaða tíma hann var skrifaður. Hvort fólk var nýkomið eða að fara. „Bókin er bæði gestabók og minningabók," segir hún og flettir bæði spjöldum og plastvösum. Fremst stendur Brúðkaup 16. 8. 2008. Þarna eru líka sýnishorn af boðskorti brúðhjónanna og servíettunum sem voru á borðum. Einnig ýmiss konar skreytingar fyrir utan ljósmyndirnar af gestunum, nöfn þeirra, fyrirbænir og spaug.

„Svo vorum við með einnota myndavélar á öllum borðum og margt kostulegt birtist þegar búið var að framkalla þær," segir Hjördís brosandi.

Greinilegt er að þeim hjónakornum og aðstandendum hefur dottið margt sniðugt í hug til að varðveita minningar um daginn og gleðina sem honum fylgdi. Hjördís staðfestir það. „Þegar maður ætlar bara að gera þetta einu sinni þá verður maður að vanda sig," segir hún brosandi. *- gun*

# Ævintýraferð til Grænlands

Hvernig væri að gefa ævintýragjörnum brúðhjónum ferð um Suður-Grænland? Ferðafélag Íslands hefur lagt upp slíka ferð undir yfirskriftinni Í fótspor Þjóðhildar og Eiríks og er hún sögð kjörin fyrir pör, vini og fjölskyldur. Um er að ræða ferð á eigin vegum sem hentar fólki sem kýs sveigjanleika og treystir sér til að fylgja leiðarlýsingu og kortum á milli áfangastaða.

Á suðurhluta Grænlands er að finna fjölbreyttasta landslag Grænlands við fótskör Grænlandsjökuls, stærsta jökuls heims. Mögnuð upplifun er því óhjákvæmileg. Flogið er frá Reykjavík til Narsarsuaq og er ferðalöngum sjálfrátt um ferðatilhögun innan vissra marka. Við komuna fá þeir í hendurnar allar nauðsynlegar upplýsingar og svo fyllsta öryggis sé gætt fylgir neyðarnúmer sem er hægt að hringja í allan sólarhringinn. Tvær leiðarlýsingar eru í boði en nánari upplýsingar er að finna á www. fjallaleidsogumenn.is.


Farið er í ferðina á eigin vegum með ferðatilhögun frá Ferðafélagi Íslands meðferðis.

# Krydd í tilveruna



**795,-**/3 í pk.
**IKEA PS SKOGSSTJÄRNA**
líkjörsglös. Ýmsir litir



**IKEA 365+** skál m/loki
Ø25, H14cm **2.390,-**



**IKEA STOCKHOLM** skál
Ø42cm. Ryðfrítt stál **4.490,-**



**IKEA 365+ IVRIG**
rauðvínsglös 48cl. Gler
**595,-/stk.**



**IKEA 365+** bollar m/undirskál
20cl. Hvítt **450,-/settið**



**IKEA PS BRUNN** vasi
H17cm. Gler **2.390,-**



**IKEA PS KÄLLA** glös 21cl. Gler
**895,-/3 í pk.**



**IKEA 365+** hnífaparasett
Inniheldur: Gaffla, hnífa,
matskeiðar og teskeiðar,
6 af hverju **5.990,-/stk.**



**IKEA 365+** 3ja hæða
kökudiskur H34cm.
Gler/ryðfrítt stál **2.990,-**



**IKEA PS BJUDA** karöflur
1,3L. Gler. Glært eða blátt
**1.490,-/stk.**



**ARV** matarstell
Inniheldur: Matardiska, djúpa
diska og hliðardiska, 6 af hverjum
Beinhvítt **6.990,-/18 í setti**



**IKEA STOCKHOLM** vasi
Ø25, H23cm. Gler.
Ýmsir litir **4.990,-**



**4.490,-**
**IKEA PS BUNKE** skál
Ø34, H18cm. Gler **4.490,-**



**BLOMSTER** kertastjakar
H16, 20 og 24cm. Gler
**2.490,-/3 í setti**



**RÅDIG** espressovél
f/6 bolla H19cm. 33cl
Ryðfrítt stál **3.690,-**



**3.590,-**
| Sólpallur 30m² | 111.000 kr | 147.000 kr |
| Efni í sólpall | Verð frá 3.700 kr/m² | Verð frá 4.900 kr/m² |

Athugið að fermetraverð getur verið breytilegt. **Innifalið í verðum er:**
**Pallur frostfrítt:** gagnvarin fura 48x98 mm • 28x95mm • galvaniseraður saumur í klæðningu.
**Pallur með undirstöðum:** gagnvarin fura 48x148 mm • 48x98 mm • 28x95 mm • vinklar • galvaniseraður saumur í klæðningu • hólkar.

**Fáðu tilboð og ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í næstu Húsasmiðjuverslun eða í síma 525 3000 til að fá besta verðið í pallinn þinn.**



verð frá **230 kr/m**

| | | |
|---|---|---|
| Fura fúavarin 21x95 | 230 kr/m |
| Fura fúavarin 28x95 | 286 kr/m |

Rafmagnssláttuvélar verð frá 16.990
Bensínsláttuvélar verð frá 39.995




**25.490** ~~29.990~~

Rafmagnssláttuvél B&D
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134

**19.990**

Sláttuorf IKRA
Tvígengismótor 25CC
43 sm sláttubreidd.
5086606

**3.990**

Rafmagnssláttuorf IKRA
250W, 24 cm sláttubreidd
5086600

**1.990** ~~2.499~~

Grasklippur HiPoint
5084675

**5.690**

Hjólbörur
80 ltr.
5080058

Látum verkin tala!

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

HÚSASMIÐJAN

> EKKI VELKOMINN



Bandaríski söngvarinn Chris Brown er ekki velkominn til Bretlands. Fyrir rúmu ári var Brown fundinn sekur um gróft ofbeldi gegn þáverandi kærustu sinni, söngkonunni Rihönnu, og vilja bresk yfirvöld því meina honum inngöngu inn í landið. Brown hafði ætlað að halda tónleika í landinu en ekkert verður úr þeim áformum núna.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# KK til Sjanghæ í þriðja sinn

Tónlistarmaðurinn KK spilar á heimssýningunni í Sjanghæ í Kína síðar í mánuðinum. Með honum í för verður hljómsveit skipuð þeim Eyþóri Gunnarssyni, Ásgeiri Óskarssyni, Guðmundi Péturssyni og Sölva Kristjánssyni, syni KK.

„Það er mjög gaman að koma þangað,“ segir KK sem hefur tvívegis áður komið til Sjanghæ. Þetta er jafnframt fjórða ferðalagið hans til Kína. Síðast kom hann til Sjanghæ fyrir fimm árum með Magga Eiríks og spiluðu þeir á menningarhátíð í borginni við mjög góðar undirtektir. „Við urðum frægir í smátíma í Sjanghæ,“ segir hann og hlær.

KK og félagar fljúga út til London á föstudaginn og fara þaðan til Kína. „Þetta verða alla vega tvennir tónleikar. Við spilum 17. júní inni á svæðinu og síðan verða litlir tónleikar fyrir Íslendinga í litlum klúbbi.“ Heimkoma er síðan áætluð 22. júní og mun hópurinn vafalítið hafa frá mörgu skemmtilegu ævintýrinu í Sjanghæ að segja. **- fb**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KK** Tónlistarmaðurinn knái spilar á heimssýningunni í Sjanghæ í Kína síðar í mánuðinum.

## Missti af jarðarförinni



**Sjö ára gömul dóttir bandaríska leikarans Dennis Hopper missti af jarðarför föður síns. Galen Hopper heldur því fram að móðir hennar, Victoria Duffy, hafi meinað sér að koma. „Þetta er bara sjö ára stelpa sem var að missa pabba sinn,“ segir heimildarmaður vefsíðunnar The Daily Beas. Því er jafnframt haldið fram að móðirin noti Galen sem peð í baráttunni við fjölskyldu Hoppers.**

# Hrifin af húmor hver annars

**Upp mín sál! er uppistandshópur á vegum Listhópa Hins hússins sem mun skemmta bæði borgarstarfsmönnum og gangandi vegfarendum í sumar.**

Hópurinn hyggst prófa sig áfram með annars konar grín og má þar nefna söng og leikin atriði. Í hópnum eru þau Gunnar Jónsson, nemandi í ritlist við Háskóla Íslands, Saga Garðarsdóttir, leiklistarnemi við Listaháskóla Íslands, Ugla Egilsdóttir, nemi í fræði og framkvæmd við LHÍ, og Þórdís Nadia Óskarsdóttir, kvikmyndafræðinemi við HÍ.

„Við Ugla kynntumst Gunnari á múslimaráðstefnu í Þýskalandi og fannst hann afskaplega fyndinn. Við erum öll mjög hrifin af húmor hver annars og ákváðum því að sækja um skapandi sumarstarf Hins hússins og vera með grín og glens í allt sumar,“ segir Saga Óskarsdóttir sem hefur séð um vinsælt kvennauppistand á Næsta bar í vetur ásamt Nadíu og Uglu.



**GLAÐBEITTUR HÓPUR** Uppistandshópurinn Upp mín sál! mun skemmta borgarstarfsmönnum og gangandi vegfarendum í sumar með skemmtilegu gríni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að sögn Sögu fer mikill tími í undirbúning hjá hópnum en tekur fram að sá tími sé afskaplega skemmtilegur enda mikið hlegið. „Við sitjum bara og grínumst og eyðum miklum tíma í að sigta einkahúmorinn úr svo allir geti hlegið með okkur. Við erum oftast búin að ákveða um hvað við ætlum að fjalla hverju sinni þó við spinnum líka mikið í kringum það. Við Ugla höfum einnig verið að gera gamanlög og ætlum að reyna að þróa það svolítið meira í sumar auk þess sem við verðum með sketsa á Facebook.“

Saga segir hópinn ekki feiminn enda ríki sannur listandi innan hans og telja þau óhugsandi að fólk deili ekki skopskyni þeirra. „Það gæti aldrei gerst að fólk hlægi ekki að okkur. Og ef það gerðist væri það bara fyndið, við gætum hlegið að því eftir á og jafnvel notað það sem efnivið í næsta uppistand,“ segir hún að lokum kampakát.

Hægt er að panta hópinn til að fara með uppistand á vinnustöðum með því að senda fyrirspurn á vefpóstinn ragnar.isleifur@gmail.com. **- sm**



# Ást við fyrstu sýn

Bandaríski hjartaknúsarinn Tom Cruise upplýsir í viðtali við tímaritið OK! að það hafi verið ást við fyrstu sýn þegar fundum þeirra Katie Holmes bar saman. „Ég vissi að mig langaði til að giftast henni eftir fyrsta daginn með henni,“ sagði Cruise við tímaritið. Ástarsamband Cruise og Holmes hefur þótt nokkuð umdeilt, ekki eingöngu vegna aldursmunarins heldur einnig vegna þeirra uppátækja sem Cruise greip til skömmu eftir að þau opinberuðu samband sitt. Frægast er sennilega þegar hann stökk upp í sófa og stóla hjá Opruh Winfrey.

Cruise segir jafnframt að Holmes hafi viðurkennt fyrir sér að þegar hún var táningur þá hafi hana dreymt um að giftast Tom Cruise. Holmes er reyndar ekki eina manneskjan sem hefur haft svona áhrif á leikarann. David Beckham kveikti svipaðar tilfinningar hjá Cruise og Katie gerði. „Við urðum vinir strax, hann er stórkostlegur persónuleiki, faðir, eiginmaður og íþróttamaður. Hann er algjörlega frábær,“ sagði Cruise. Það fylgir sögunni að leikarinn og eiginkonan séu að reyna eignast annað barn.



**ELSKAR BECKHAM OG HOLMES** Tom Cruise segist hafa fallið strax fyrir eiginkonu sinni, Katie Holmes. Hann og Beckham urðu líka bestu vinir frá fyrsta degi.

# Deilt um tónleika

Lögfræðingur dánarbús Michaels Jackson hefur lýst því yfir að minningartónleikar um Michael séu haldnir í óþökk þess. Lögfræðingurinn segir dánarbúið aldrei hafa gefið samþykki sitt en það á öll réttindi, myndir og annað sem tengist Jackson.

The Forever Michael-tónleikarnir eiga að fara fram á Beverly Hills-Hilton hótelinu 26. júní, nákvæmlega ári eftir að Jackson hvarf á vit feðra sinna en fjölskylda Jacksons skipuleggur þá.



**UMDEILD MINNINGARATHÖFN** Joe Jackson ætlar að halda minningartónleika um son sinn en dánarbú sonarins hefur ekki gefið leyfi fyrir þeim.






# Fjórir dansarar og tvö frík á tónleikum Haffa Haff

**Haffi Haff heldur þrenna útgáfutónleika á Nasa í kvöld til að kynna sína fyrstu plötu, Freak, sem kemur út í næstu viku.**



GRÍMUKLÆDDUR Fyrsta plata Haffa, Freak, kemur út í næstu viku. Þrennir útgáfutónleikar verða haldnir á Nasa í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta verður alveg „megashow“. Ég er búinn að leggja alveg ógeðslega mikið í þetta,“ segir Haffi Haff. „Ég verð með fjóra dansara, tvö frík, trommara og gítarleika. Við erum að byggja stórt svið og þetta verður hálfgert leikhús.“

Freak er fyrsta plata Haffa. Hann byrjaði að undirbúa hana eftir að hann steig á svið í undankeppni Eurovision árið 2008 með lagið The Wiggle Wiggle Song. Hann prufaði sig áfram við að semja eigin lög og eru þrjú laganna á nýju plötunni alfarið eftir hann. Afganginn samdi hann með Örlygi Smára. Það var síðan upptökuteymið Stop Wait Go sem lagði lokahönd á verkið. „Þeir tóku bítin mín og gerðu þau nútímalegri,“ segir Haffi um eigin lög. „Þegar ég sem tónlist verður hún oftast hálfgerð eitís-tónlist, sem er alveg svalt, en þeir gera þetta aðeins markaðsvænna,“ bætir hann við um Stop Wait Go. „Þeir eru frábærir og líka mjög nákvæmir. Þeir elska tónlist og alls konar hljóðheima og eru virkilega einbeittir í því sem þeir eru að gera.“

En hvers vegna heitir platan Freak? „Mér fannst það bara passa best. Fyrsta lagið sem við unnum að var kallað Freak. Ég var að leita að nafni á plötuna og það passaði svo vel,“ segir hann. „Fólk heldur að ég sé algjört frík. Með þessu er ég að taka uppnefnið af fólki því þá getur það ekkert sagt lengur. Ef þú tekur kúlurnar úr byssunni verðurðu ekki skotinn.“

Þrennir tónleikar verða haldnir á Nasa til að kynna plötuna, sem kemur út 16. júní vegna örlítilla tafa. Fyrst verða ókeypis fjölskyldutónleikar klukkan 17. Síðan kostar 2.500 kr. inn á hina tónleikana sem verða fyrir fjórtán ára og eldri kl. 20 og fyrir tuttugu ára og eldri kl. 23. Miðinn gildir einnig sem inneign á plötuna þegar hún kemur út.

freyr@frettabladid.is











SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 7 - 8D - 10 - 11D | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 5:40 síðasti sýningardagur | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5 | L |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 8D - 10D | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| STUTTMYNDADAGAR Í RVK | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE LAST SONG | kl 6 | L |
| PRINCE OF PERSIA | kl 9 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8:30 | 12 |
| COPS OUT | kl. 8:30 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ!




HEIMSFORSÝNING




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM FORSÝNING | kl. 8 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| CENTURION | kl. 10.30 | 16 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 10.10 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 6 - 10.20 | 14 |
| OCEANS | kl. 5.45 | L |
| SNABBA CASH | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 8 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BROOKLYN´S FINEST | kl. 8 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 10.20 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| A-TEAM - Forsýning | 10.10 (POWER) | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | 3.50, 5.50, 8 og 10 | 12 |
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10.30 | 12 |
| BROOKLYN´S FINEST | 8 | 16 |
| HUGO 3 | 4 og 6 | L |




RAFVÖRU MARKAÐURINN
RAFMAGNSVERKFÆRI
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
3995- BORVÉL 500W
3995- HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM
2995- HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
6995- HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
6995- HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
8995- HÖGGBOR/BROTVÉL 850W
8595- BELTASLÍPIVÉL 900W
3995- HLEÐSLUBORVÉL 12V
2995- SLÍPIMÚS
TILBOÐ!
16.949- SLÁTTUVÉL
5995- HJÓLSÖG 1400W
2995- JUÐARI
2995- STINGSÖG 350W
12.959- LAUFSUGA - BLÁSARI
3495- SLÁTTUORF 200W
6995- SLÁTTUORF 500W
4795- FRÆSARI
4495- BÓNVÉL
15.595- SLÁTTUORF BENSÍN
10.990- HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR
12.474- SLÖNGUKEFLI
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## 2 DAGAR Í HM

Hollendingar fögnuðu örugglega vel þegar þeir lentu með Íslandi í riðli í undankeppninni. Það hafði bara tvisvar gerst áður og það eru jafnframt einu tvö skiptin (HM 1974 og HM 1978) sem Hollendingar hafa komist alla leið í úrslitaleikinn á HM. Engin þjóð sem hefur verið með Íslandi í riðli hefur náð að vinna heimsmeistaratitilinn en auk silfranna hjá Hollendingum þá enduðu Frakkar í 3. sæti á HM 1958. Undanfarnar fimm HM-keppnir hefur engu liði úr íslenska undanriðlinum tekist að komast í átta liða úrslit.



**sport**
sport@frettabladid.is

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: KLASSÍSKUR ÍSLAND-DANMÖRK LEIKUR

# *Markvarslan léleg og vörnin þarf að vera betri*

„Þetta var klassískur Ísland-Danmörk, jafntefli hefur verið niðurstaðan ansi oft,“ sagði Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari Íslands, eftir jafnteflið gegn Danmörku í gær. „Það vantaði herslumuninn að við kláruðum þetta.“

Hann segist þó vera sáttur við jafntefli þegar upp er staðið. „Markvarslan var léleg og varnarleikurinn þarf að vera betri. Við hlupum illa til baka og það þarf að fara yfir. Það voru töluverðar breytingar á liðinu og það sást alveg á leik okkar. Þetta er bara til að læra og við þurfum að yfirfara nokkra þætti til að koma sterkari í seinni leikinn,“ sagði Guðmundur en liðin mætast aftur í kvöld.

Danska liðið er með þessum leikjum að undirbúa sig fyrir umspilsleiki fyrir HM í Svíþjóð en strákarnir okkar hafa þegar tryggt sér farseðil þangað.

„Við viljum ná hagstæðum úrslitum en notum einnig tækifærið til að prófa eitt og annað. Við prófuðum 5+1 vörn og fengum ágætis kafla með henni. Við vorum þó að fá á okkur of mörg mörk lengst utan af velli. Danmörk er með svakalega öflugar skyttur. Við skoruðum samt 33 mörk og það á að duga í flestum tilfellum en við gerðum okkur seka um slæm mistök á mikilvægum augnablikum,“ sagði landsliðsþjálfarinn.



Það er þó ekki hægt að segja annað en að leikurinn í gær lofi góðu fyrir seinni leikinn og áhorfendur eiga von á hörkuleik í kvöld. „Þetta er bara spennandi og gaman,“ sagði Guðmundur.

Snorri Steinn Guðjónsson segir gæði leiksins hafa verið fín. „Þetta var fínn leikur miðað við að bæði liðin voru bara að hittast í gær. Það er margt sem við getum bætt og allt það . Sóknarleikurinn var lengstum allt í lagi en þetta var bara æfingaleikur til að þróa okkur og bæta okkar leik. Jafntefli voru sanngjörn úrslit,“ sagði Snorri.

„Við förum í seinni leikinn af fullum krafti en ég vil klárlega sjá miklu fleiri áhorfendur á hann og helst troðfulla höll. Mætingin á þennan leik var alls ekki nægilega góð að mínu mati,“ sagði Snorri Steinn.

Pepsi-deild kvenna í gærkvöldi:

# KR jafnaði gegn Val í Vesturbænum

**FÓTBOLTI** Topplið Vals gerði 1-1 jafntefli við KR í Pepsi-deild kvenna í gær. Liðið er enn á toppi deildarinnar með fjórtán stig eftir sex umferðir þrátt fyrir tvö jafntefli í röð því Breiðablik gerði markalaust jafntefli við Grindavík á útivelli og er enn þremur stigum á eftir Val. Þór/KA kemur næst með tíu stig.

Hallbera Guðný Gísladóttir kom Valsstúlkum yfir í byrjun seinni hálfleiks með skoti utan af kanti en Íslandsmeistararnir voru í vandræðum á móti skipulögðu og baráttuglöðu KR-liði í gær. KR náði að jafna metin verðskuldað. Þar var að verki Katrín Ásbjörnsdóttir úr vítaspyrnu sem hún fékk sjálf.



**ÓVÆNT STIG** KR-stelpur fagna jöfnunarmarki sínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

Stjarnan vann Fylki á heimavelli sínum með marki undir lok leiksins frá Katie McCoy. Stjörnustúlkur eru þar með komnar með tíu stig eins og Þór/KA.

Þá vann Afturelding góðan heimasigur á Haukum, 1-0. **- hþh**

Aron Pálmarsson var ekki ánægður með mætinguna í gær:

# Of lítið heyrðist í Höllinni

**HANDBOLTI** „Við unnum þá á EM og þá fékk maður að kynnast því að það er helvíti gaman að vinna Dani,“ sagði Aron Pálmarsson sem var besti leikmaður Íslands í leiknum í gær. „Maður hefði viljað skora einu marki meira og ná að vinna þennan leik. Við fáum annað tækifæri á morgun [í kvöld].“

Aron segir að strákarnir þurfi að mæta aðeins betur stemmdir í leikinn í kvöld. „Við þurfum að setja 10-15% meiri alvöru í þetta og gera þetta af meiri krafti. Þá eigum við alveg að vinna þetta lið,“ sagði Aron.

„Markvarslan og varnarleikurinn datt niður í seinni hálfleiknum. Hreiðar varði ekki bolta og við vorum mjög slakir í vörninni. Tempóið datt niður hjá okkur og við vorum kannski ekki að rótera liðinu eins mikið og þeir. Mér fannst þó að við ættum að vinna og við ættum meiri möguleika á því.“

Það leynir sér ekki að Aron er fullur sjálfstrausts eftir velgengnina með Kiel og fann hann sig vel. Hann steig upp á mikilvægum augnablikum í seinni hálfleiknum. „Maður notfærir sér þessa velgengni og lætur hana ekki stíga sér til höfuðs. Það vantaði skyttur hjá okkur og maður er í aðeins öðru hlutverki en úti. Maður fær að skjóta meira og það er bara gaman,“ sagði Aron.



**Á FLUGI** Róbert Gunnarsson flýgur inn í danska teiginn og skorar eitt af fimm mörkum sínum í leiknum, úr aðeins fimm skotum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann var ekki sáttur við mætinguna á leikinn. „Við verðum að fá fulla höll í svona leiki. Það var leiðinlegt að syngja þjóðsönginn og það heyrðist lítið í Höllinni. Fólk á að mæta á leiki sama þótt það séu æfingaleikir. Eitt besta lið heims er í heimsókn.“ **- egm**




# Jafntefli enn eina ferðina

**Strákarnir okkar gerðu 33-33 jafntefli við Dani í fyrri vináttulandsleik þjóðanna í gær. Leikurinn var í járnum allan tímann. Liðin mætast aftur í kvöld.**

**HANDBOLTI** Úrslitin í Laugardalshöll í gær ættu ekki að vekja mikla undrun enda vill jafntefli oft vera niðurstaðan þegar Ísland og Danmörk eigast við í handbolta. Leikurinn endaði 33-33. Venjulega ætti þó þessi fjöldi skoraðra marka að duga til sigurs en varnarleikur íslenska liðsins var ekki upp á það besta og markverðirnir ekki að finna sig.

Mikill hraði var í leiknum strax í byrjun og átti íslenska liðið í nokkrum vandræðum með hraðar sóknir Dana sem komust fljótt tveimur mörkum yfir. Íslenska liðið var ekki nægilega samstillt í vörninni í blábyrjun en það átti þó eftir að batna talsvert.

Mikið jafnræði var með liðunum og munurinn aldrei meiri en tvö mörk í fyrri hálfleiknum. Bæði lið áttu nokkuð margar ónákvæmar sendingar á víxl. Um miðbik hans var íslenska liðið með tveggja marka forskot en staðan í hálfleik var jöfn 16-16.

Seinni hálfleikurinn hófst með sama jafnræði en með góðum leikkafla náði Danmörk þriggja marka forystu 24-27. Það var mesti munurinn milli liðanna í leiknum. Björgvin Páll Gústavsson varði mark Íslands í fyrri hálfleiknum en Hreiðar Levý Guðmundsson kom í rammann í þeim síðari.

Hreiðar fann sig ekki og þegar seinni hálfleikur var rétt rúmlega hálfnaður kom Björgvin aftur inn. Eftir að Ísland átti slæman kafla steig Aron Pálmarsson upp og skoraði þrjú næstu mörk Íslands, jafnaði fyrst í 28-28 og kom Íslandi svo yfir strax á eftir. Aron var besti leikmaður Íslands í gær.

Lokamínúturnar voru spennandi og staðan jöfn 33-33 þegar tvær mínútur voru eftir. Vignir Svavarsson braut af sér og Ísland lék manni færri á lokasprettinum. Rétt fyrir leikslok fékk Bo Spellerberg dauðafæri til að tryggja Dönum sigur en skot hans fór í stöngina og enn eitt jafnteflið niðurstaðan.

Margt jákvætt var í leik íslenska liðsins í gær, sérstaklega ef miðað er við þann stutta undirbúning sem liðið fékk fyrir leik. Þá eru Guðjón Valur Sigurðsson og Ólafur Stefánsson fjarri góðu gamni en ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi þeirra fyrir liðið. Það er þó ýmislegt sem Guðmundur Guðmundsson getur skerpt fyrir seinni leik þjóðanna sem verður í kvöld.

elvargeir@frettabladid.is



**ÓBLÍÐAR MÓTTÖKUR** Aron Pálmarsson fær óblíðar móttökur í leiknum í gær. Hann var markahæstur í íslenska liðinu með átta mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Tölfræði Íslands:**

**Mörk Íslands:** Aron Pálmarsson 8 (12), Alexander Petersson 7 (11), Róbert Gunnarsson 5 (5), Snorri Steinn Guðjónsson 4/3 (6/3), Arnór Atlason 3 (6), Vignir Svavarsson 2 (2), Sturla Ásgeirsson 2 (3), Oddur Gretarsson 1 (1), Ásgeir Hallgrímsson 1 (3).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 9, Hreiðar Guðmundsson 2.





550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið






Stuð á 3G netinu í símanum á ferð um landið

Facebook, YouTube, Google, tölvupóstur og fréttamiðlarnir fylgja þér á ferðalaginu á stærsta 3G dreifikerfi landsins.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

> **Adam Sandler**

„Ég elska myndirnar sem ég hef gert. Ég hef unnið vel að myndum mínum og vinir mínir hafa gert slíkt hið sama enda erum við að reyna að fá fólk til þess að hlæja og ég er mjög stoltur af því.“

***Adam Sandler leikur í gamanmyndinni Bedtime Stories sem sýnd verður á Stöð 2 bíói kl. 18.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVINSSON FAGNAR ÁHUGASÖMUM SPYRLI

# *Simmsalabimm*

Sigmar Kastljósstjóri sýndi tennurnar í löngu þvargi við Jóhönnu Sigurðardóttur á þriðjudag. Viðtalið var beint framhald af árásum Sigurðar Kára á Alþingi. Vitaskuld tók Sigmar upp þráðinn eftir hinn Heimdellinginn enda sjálfsagt að grilla forsætisráðherran þótt hitinn hrifi lítt á Jóhönnu sama hvernig Sigmar sneri teininum. En hann var ákafur og notaði taktíkina sem hann beitir svo oft að grípa fram í fyrir hinum í miðri setningu, sem getur stundum dugað en maður sá vel að vanur maður eins og Jóhanna umgengst þennan forkólf gagnrýninnar fréttamennsku af svipuðu hugarfari og eldri flugfreyjur hanteruðu illa fulla miðaldra menn í langflugi fyrr á tíð: af því langlundargeði sem á sér engin takmörk vegna vinnuskyldu.

Það er annars gott að þeir skuli fylgjast að Sigmar og Sigurður. Báðir eru af þeirri kynslóð framagosa úr Heimdalli sem nú verður að fara að taka ákvörðun hvort þeir ætla að fylgja gamalli línu eða reyna að verða fullorðnir. Rúvið er reyndar fullt af þessu hægra liði sem tveggja áratuga valdstjórn Sjálfstæðisflokksins tryggði fast starf hjá hinu opinbera.



Sem ritstjóri Kastljóss er Sigmar með flekkinn upp á bak: frammistaða fréttastofu sjónvarps ríkisins var í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga með endemum slæm og sjaldan hefur ritstjóri dægurmálaþáttar misreiknað sig jafn herfilega og þegar Sigmar hljóp til Ósló, þar sem hann stóð sig heldur ekki vel. Miðað við eðlilega framvindu hefðu þeir hjá Rúvinu átt að senda Pál Óskar. Hann var búinn að vera með skemmtilega þætti um þessa pissukeppni Evrópu sem Júró er. En svo velja menn sem þeim líkar. Það er svo annað mál að forgangsröðin sýndi að yfirmenn Rúvsins ættu að hugsa sinn gang.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **17.58** The Simpsons STÖÐ 2



▶ **18.00** Bedtimes Stories STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Top Chef SKJÁREINN



▶ **21.10** Bráðavaktin SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** Modern Family STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 HM 2010** (4:4) (e)
**16.40 Stiklur - Við skulum halda á Siglunes** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... jörðin** (12:26)
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni** (53:58)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Finnbogi og Felix** (21:26)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Landsleikur í handbolta**
(Ísland-Danmörk, karlar) Bein útsending frá leik Íslendinga og Dana í handbolta karla.
▶**21.10 Bráðavaktin** (ER XV) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasyrpan og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Börn til sölu** Mynd um mansal á stúlkubörnum í Kambódíu. Margar þeirra eru kynlífsþrælar sem búa við ömurlegar aðstæður og ganga kaupum og sölum eins og hver önnur hrávara. Fylgst er með lífi þessara stúlkna og rætt við þær og hjálparstarfsmenn sem reyna að uppræta vandann (e)
**23.15 Kastljós** (e)
**23.50 Fréttir** (e)
**00.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Paris, Texas**
**10.20 I'ts a Boy Girl Thing**
**12.00 Bedtime Stories**
**14.00 Paris, Texas**
**16.20 I'ts a Boy Girl Thing**
▶**18.00 Bedtime Stories**
**20.00 The Things About My Folks**
**22.00 Forgetting Sarah Marshall**
**00.00 The Squid and the Whale**
**02.00 Privat Moments**
**04.00 Forgetting Sarah Marshall**
**06.00 The Love Guru**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Ævintýri Juniper Lee, Íkornastrákurinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (16:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet þar sem hann tekur að sér mörg verkefni og leysir vel af hendi, bæði sem blaðamaður og Ofurmennið.
**11.45 Gilmore Girls** (22:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (11:22)
**13.45 Oprah's Big Give** (7:8)
**14.35 E.R.** (2:22)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Íkornastrákurinn og fleira
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
▶**17.58 The Simpsons** (1:20) Ný þáttaröð með gulustu fjölskyldu í heimi, sú nítjánda í röðinni.
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (5:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (3:20)
**20.10 Project Runway** (14/14) Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem tólf ungir og upprennandi fatahönnuðir mæta til leiks og takast á við fjölbreyttar áskoranir.
**20.55 Mercy** (8:22)
**21.40 Ghost Whisperer** (18:23)
**22.25 Goldplated** (8:8)
**23.15 NCIS** (2:25)
**00.00 Fringe** (16:23)
**00.45 The Wire** (1:10)
**01.45 X-Files** (2:24)
**02.30 E.R.** (2:22)
**03.15 Sjáðu**
**03.45 Tekkon kinkurito**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA körfuboltinn: Boston - LA Lakers**
**18.00 Pepsímörkin 2010**
**19.05 Barcelona - Man. Utd: 2.11. 1994**
**20.45 NBA körfuboltinn: Boston - LA Lakers**
**22.35 PGA Tour Highlights** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**23.30 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 PL Classic Matches: Chelsea - Sunderland, 1996**
**19.30 PL Classic Matches: Liverpool - Man Utd, 99/00**
**20.00 PL Classic Matches: Leeds - Newcastle, 1999**
**20.30 Schmeichel** Peter Schmeichel verður kynntur til sögunnar í þessum þætti, en danska tröllið gerði garðinn frægann með Manchester Utd. og þykir einn besti markvörður heims fyrr og síðar.
**21.00 Liverpool - Burnley** Útsending frá leik Liverpool og Burnley í ensku úrvalsdeildinni.
**22.40 Everton - Tottenham** Útsending frá leik Everton og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn (1:6)** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn (1.6)** (e)
**12.20 Pepsi MAX tónlist**
**16.25 Bass Fishing** (1:8) (e)
**17.10 Rachael Ray**
**17.55 Dr. Phil**
**18.40 Girlfriends** (3:22) (e)
**19.00 The Real Housewives of Orange County** (10:12) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
**19.45 King of Queens** (4:22)
▶**20.10 Top Chef** (2:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
**20.55 America's Next Top Model** (7:12)
**21.45 Life** (8:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.
**22.35 Jay Leno**
**23.20 Law & Order** (6:22) (e)
**00.10 Big Game** (7:8) (e)
**01.50 King of Queens** (4:22) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Kokkalíf**
**20.30 Í kallfæri**
**21.00 Alkemistinn**
**22.00 Kokkalíf**
**22.30 Í kallfæri**
**23.00 Alkemistinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Serta aftur á Íslandi !!



Yankee Candle, hin einu sönnu.
Yfir 40 mismunandi ilmkerti !

15%
Kynningarafsláttur






YANKEE CANDLE
a passion for fragrance

Chiro 600 heilsurúm

| Stærð cm. | Tilboð kr. |
|---|---|
| 90x200 | 90.900,- |
| 100x200 | 95.900,- |
| 120x200 | 98.000,- |
| 140x200 | 119.900,- |
| 160x200 | 149.900,- |
| 180x200 | 159.900,- |



OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Laugardag frá kl. 11-17

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

DORMA
– býður góða nótt

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### Mercy



Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey. Þær eru allar einhleypar eða í samböndum sem færa þeim litla ánægju enda verja þær allt of miklum tíma í vinnunni þar sem baráttan upp á líf og dauða er daglegt brauð.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Project Runway

### Stöð 2 kl. 20.10



Það er komið að lokum í hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni sem ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna. Jillian, Rami og Christian keppa til úrslita í kvöld, en tólf ungir og upprennandi fatahönnuðir hófu keppni. Sigurvegarinn hlýtur að launum peningaverðlaun, tækifæri til að setja á laggirnar sína eigin fatalínu og tískuþátt í tímaritinu fræga Elle. Gestadómari í úrslitunum verður tískudrottningin Victoria Beckham.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Kaþólsk trú og kvenréttindi
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.07** Harðgrýti fátæktar: Innflytjendur
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (18/18)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶**21.50 Modern Family** (19/24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.
**22.15 Impact** (2/2) Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Öll heimsbyggðin fylgist með stórkostlegu stjörnuhrapi þegar loftsteinn rekst á tunglið og brot úr því stefnir á ógnarhraða til jarðar. Sérfræðingar hafa fáeina daga til þess að koma í veg fyrir að hættuástandið breytist í heimsendi.
**23.50 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.
**00.20 The Doctors**
**01.05 Falcon Crest** (18/18)
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Blackadder the Third **12.45** My Hero **13.15** My Hero **13.45** Absolutely Fabulous **14.15** Absolutely Fabulous **14.45** The Weakest Link **15.35** The Inspector Lynley Mysteries **16.25** EastEnders **16.55** The Weakest Link **17.40** Absolutely Fabulous **18.10** Keeping Up Appearances **18.40** Lark Rise to Candleford **19.30** Dalziel and Pascoe **20.20** Keeping Up Appearances **20.50** The Weakest Link **21.35** Dalziel and Pascoe **22.25** Keeping Up Appearances **22.55** Lark Rise to Candleford **23.45** Extras

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Peter Ingemanns verden **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** That's So Raven **14.30** Leon **14.35** Splint & Co **15.00** F for Får **15.05** Landet for længe siden **15.30** Boxer **16.00** Når giraffen selv ordner paragrafferne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Kender du typen **18.30** Kæft, trit og knus **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Mord på hjernen **22.00** Onsdags Lotto **22.05** Dødens detektiver **22.25** OBS **22.30** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Svenske dialektmysterium **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Tinas mat **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Solgt! **18.15** Luftambulansen **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** 4-4-2. Veien til Ullevaal. Kampen om kongepokalen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Corleone **23.00** Kjærlighetens sommer **23.55** Svisj gull

## SVT 1

**12.00** Playtime **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Norsk attraktion **15.25** Namnam med Noman **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** 100 procent bonde **16.45** Arkitekturens pärlor **16.55** Din plats i historien **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Livvakterna **20.00** Nip/Tuck **20.45** Friidrott. Friidrottskväll **21.15** Fotboll med John Cleese **23.10** Landet runt **23.55** Kören




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Eldsmiðjan er klárlega besti bitinn sem hægt er að fá. Ég fæ mér bara misjafnt á pitsuna eftir því í hvernig skapi ég er.“*

Vignir Svavarsson, landsliðsmaður í handbolta.

# Fagnar mögulegu framboði í Kaliforníu

„Það væri ógeðslega gaman ef Besti flokkurinn næði að fella repúblikana í Kaliforníu. Það myndi alveg gera daginn, þann daginn,“ segir Jón Gnarr, næsti borgarstjóri í Reykjavík. „Myndi það þýða að Arnold Schwarzenegger kæmi á eftir mér, alveg brjálaður?“

Fréttablaðið greindi frá því í gær að bandaríski athafnamaðurinn Jonathan Taplin útilokaði ekki að stofna Besta flokkinn í Hollywood. Taplin hefur fest kaup á léninu thebestparty.org, en ríkisstjórnarkosningar í Kaliforníu fara fram í nóvember. Jón fagnar hugmyndum Taplins.

„Ekki spurning. Ekki síst ef hann býður mér til Kaliforníu í nóvember,“ segir Jón. „Ég hefði ekkert á móti því að vera í Kaliforníu í nóvember. Einar Örn [2. borgarfulltrúi Besta flokksins], talar reiprennandi ensku. Þetta er algjörlega fullkomið.“

Jonathan Taplin hefur unnið með mönnum á borð við Bob Dylan og Eric Clapton. Hann var á landinu á dögunum og bað um að fá að hitta Jón, en þeir náðu ekki að koma á fundi. Jón segist finna fyrir áhuga á Besta flokknum frá útlöndum. „Það er líka fólk í Hollandi og Ungverjalandi sem vill stofna Besta flokkinn,“ segir hann og bætir við á óaðfinnanlegri ensku: *„We're going global.“*

- afb



**TORTÍMANDINN** Það er aldrei að vita nema Besti flokkurinn verði sjálfum Arnold Schwarzenegger að falli.



**LÁRÉTT:** 2. vag, 6. gangþófi, 8. nögl, 9. lærir, 11. í röð, 12. sykurefni, 14. einskis, 16. hvað, 17. flík, 18. hylli, 20. mun, 21. yfirbragð.

**LÓÐRÉTT:** 1. kvenflík, 3. í röð, 4. dagatal, 5. gláp, 7. dyljast, 10. gerast, 13. bein, 15. högg, 16. rámur, 19. golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. kjag, 6. il, 8. kló, 9. les, 11. mn, 12. sykra, 14. neins, 16. ha, 17. fat, 18. ást, 20. ku, 21. stíl.

**LÓÐRÉTT:** 1. píls, 3. ík, 4. almanak, 5. gón, 7. leynast, 10. ske, 13. rif, 15. stuð, 16. hás, 19. tí.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Hann er frá Ólafsfirði.
2. Engan.
3. Þingmenn Hreyfingarinnar.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is



**VALA OG BALDVIN** Baldvin segir aðgerðina ekki koma til með að breyta nokkru í sambandinu. Vala hefur alltaf verið kona í þeirra augum.

BALDVIN VIGFÚSSON: VÖLU GRAND LÍÐUR VEL EFTIR AÐGERÐINA

# Kynleiðréttingin hefur engin áhrif á sambandið

„Við höfum alltaf litið á hana sem konu þannig að þetta kemur ekki til með að hafa nokkur áhrif á sambandið okkar,“ segir Baldvin Vigfússon.

Vala Grand, kærasta Baldvins, fékk ósk sína loks uppfyllta þegar hún gekkst undir aðgerð og fékk leiðréttingu á kyni sínu á sunnudag á Landspítalanum í Fossvogi. Læknirinn Gunnar Krant kom til landsins frá Svíþjóð til að framkvæma fjórar kynleiðréttingaraðgerðir – þar af tvær á Íslendingum. Minnst níu Íslendingar hafa farið út til hans í slíkar aðgerðir undanfarin ár, en hann er sagður vera einn færasti sérfræðingur Norðurlandanna á þessu sviði.

Baldvin segir að þeim líði báðum vel með að þetta sé loksins búið. „Hún kemur til með að þurfa að vera á spítala í tvær vikur, en henni líður vel og er hress,“ segir Baldvin. Aðgerðin tók um fjóra og hálfan tíma og segir Baldvin biðina hafa verið erfiða. Hann var hjá henni þegar hún vaknaði sátt og glöð eftir þessa erfiðu aðgerð. Þrátt fyrir að hafa lifað sem kona síðastliðin ár var það alltaf ósk Völu að koma þessari leiðréttingu í gegn og verða kona á líkama jafnt sem sál.

Elísa Björg Örlygsdóttir Husby, formaður félagsins Trans Ísland, segir kynleiðréttingarferlið taka um tvö til þrjú ár. „Ferlið skiptist í eitt ár þar sem einstaklingur er aðeins í kynhlutverkinu,“ segir hún. „Eftir það fer eitt og hálft ár í hormónameðferð áður en hægt er að fara í aðgerðina.“

Elísa Björg segir að það sé mjög persónubundið hvernig einstaklingum líði í hormónameðferðinni og eftir aðgerð, en almennt sé það erfitt og reyni mikið á einstaklinginn. „Auk þess skipta bakhjarlarnir hjá hverjum og einum miklu máli,“ segir hún.

Ekkert nýtt og merkilegt tekur við hjá einstaklingnum eftir aðgerðina að mati Elísu, enda heldur fólk áfram að lifa lífi sínu – mætir í vinnu og stundar félagslíf. Eini munurinn er sá að búið er að leiðrétta það sem var ekki rétt. „Mig langaði til að standa út á götu og öskra. Ég var loksins orðin ég,“ segir Elísa. „Þetta er staðfestingin á einstaklingnum. Staðfesting á hver við erum.“

linda@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Eiður Smári** komst yfir í baráttu sinni við tvo fjölmiðla í gær því breska blaðið Daily Star birti afsökunarbeiðni á síðu sinni vegna fréttar um að Eiður hefði heilsað að sið nasista á bar í London. Eiður sagðist einfaldlega hafa verið að segja brandara og Fréttablaðið upplýsti hver brandarinn væri en hann fjallaði um Mexíkóa með skegg.

Eiður stendur sem kunnugt er í málaferlum við DV vegna frétta um fjárhagsmál hans. Það mál virðist einhvern veginn hafa gufað upp en þar myndi Eiður mæta Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni, gamalli kempu úr Fram, sem hyggst verja bróður sinn, fréttastjórann Ingu Frey Vilhjálmsson. Þá má ekki gleyma því að Eiður íhugaði málsókn á hendur The Sun í Bretlandi vegna frétta um að hann hefði átt vingott við fyrrverandi unnustu **Wayne Bridge**, gamals liðsfélaga síns hjá Chelsea.



Meira knattspyrnutengt því HM í knattspyrnu byrjar að rúlla á föstudaginn. **Þorsteinn Joð Vilhjálmsson** heldur um stjórnvölinn í HM-þætti RÚV. Þorsteinn hefur valið HM-lag sem mun óma í imbakössum þjóðarinnar næsta mánuðinn en það er Union City Blue með Blondie en meðal efnis í fyrsta þættinum verður viðtal við hinn goðsagnakennda Graham Taylor, fyrrverandi landsliðseinvald enskalandsliðsins. - fgg



Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755
HUMAR HUMAR HUMAR
2000 KR.KG.
EIGUM TIL MAKRÍL Í BEITU FYRIR VEIÐIMENNINA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Regnboginn rýmdur í sumar

Kvikmyndahúsið Regnboginn í miðbæ Reykjavíkur stendur autt. Sena hefur hætt starfsemi í húsinu en nokkrir hafa reynt að finna flöt á því að komast inn í húsið með starfsemi og leitað hjálpar hjá Reykjavíkurborg. Jón Eiríkur Jóhannsson, rekstrarstjóri kvikmyndahúsa Senu, segir að tækjabúnaður til kvikmyndasýninga verði ekki mikið lengur en í mánuð í húsinu. „Ef það verður ekkert farið að gerast í haust verða tækin sett í endurnýjun á búnaði í öðrum húsum okkar,“ segir hann.

Jón segir viðræður þó enn þá í gangi en þær strandi ávallt á fjármagnsskorti þeirra sem vilja komast inn í Regnbogann. „Við héldum að þetta væri að hafast fyrir helgi,“ segir hann. „Það er voða erfitt að segja hvað klikkaði, menn eru að hafa hægt um sig vegna ástandsins.“

- afb




**REGNBOGINN ÓSKAR EFTIR GULLPOTTI** Eitt elsta kvikmyndahús landsins stendur nú autt í miðbæ Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Taktu flugið

**Nettilboð 9.–15. júní**

**Til og frá Reykjavík:**

- » Akureyri **5.990 kr.**
- » Egilsstaðir **6.990 kr.**
- » Ísafjörður **5.990 kr.**
- » Vestmannaeyjar **4.990 kr**

Verð aðra leið með sköttum. Takmarkað sætaframboð.

**Einungis bókanlegt á flugfelag.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 50561 06/10

→ flugfelag.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gefa út breiðskífu



**Kjartan Holm** og félagar í hljómsveitinni For a Minor Reflection gefa út aðra breiðskífu sína á föstudaginn. Bandaríkjamaðurinn Scott Hackwith stýrði upptökum á plötunni, en hann hefur getið sér gott orð í tónlistarbransanum vestanhafs. Hann var í hljómsveitinni Dig sem lék meðal annars með The Red Hot Chili Peppers, Flaming Lips og The Ramones.

### Öskuráðherra



**Katrín Júlíusdóttir** iðnaðarráðherra nýtti sér fyrsta beina flug Icelandair út til Brussel í Belgíu á föstudag og fundaði með ráðamönnum Evrópusambandsins. Í gærmorgun tók ráðherrann þátt í kynningu á vegum Útflutningsráðs og Ferðamálastofu í Brussel á stöðu ferðamála hér í skugga eldgossins í Eyjafjallajökli fyrir blaðamenn og fulltrúa ferðaheildsala. Katrín fór utan snemma dags á föstudag og missti af öskumistrinu sem lagðist yfir höfuðborgina síðar um daginn. Hún sneri aftur heim síðdegis í gær. Ætla má að ráðherra hafi verið með afþurrkunarklútinn á lofti í gær og dustað ösku af húsgögnum líkt og margir borgarbúar sem gleymdu að loka gluggum áður en þeir fóru að heiman á föstudag.

### Doktor Tjörvi

**Þorvarður Tjörvi Ólafsson**, hagfræðingur hjá Seðlabankanum, hefur ákveðið að söðla um og flytjast búferlum til Árósa þar sem hann ætlar í doktorsnám. Þetta þykir mikill missir fyrir Seðlabankann enda leiddi Þorvarður Tjörvi stóra og mikla rannsókn bankans á skuldum heimila og fyrirtækja í kjölfar efnahagshrunsins. Þetta þykir ekki síður missir fyrir íþróttafélagið Hauka í Hafnarfirði en Þorvarður Tjörvi hefur gegnt formennsku hjá handknattleiksdeild félagsins síðustu ár. **- afb, jab, kh**

### Mest lesið — vísir.is

1. Kaupþingsstjórnendur sem sæta glæparannsókn krefjast launa
2. Gullkýrin Iceland Foods stendur undir fjórðungi af Icesave
3. Fé flæðir af bankareikningum yfir í ríkistryggðar lausnir
4. Steypustöðin tekin úr formlegu söluferli
5. Forstjóri Iceland: Eigendurnir láta okkur í friði




